

Skýrsla

**óháðrar nefndar um mál
siðanefndar Háskóla Íslands nr. 1/2010,
aðdraganda þess og málsmeðferð.**

September 2011

Efnisyfirlit

1. Um skipun nefndarinnar störf hennar og verklag	4
1.1. <i>Skipan nefndarinnar</i>	4
1.2. <i>Störf nefndarinnar</i>	5
2. Helstu niðurstöður og ábendingar	6
2.1. <i>Um meðferð málsins</i>	6
2.2. <i>Um starfsreglur siðanefndar</i>	9
3. Löggjöf um háskóla, siðareglur Háskóla Íslands	12
3.1. <i>Inngangur</i>	12
3.2. <i>Stjórnkerfi opinberra háskóla - Háskóli Íslands</i>	12
3.3. <i>Skipulag náms. Lýsing námskeiðs</i>	14
3.4. <i>Lagaákvæði um siðareglur</i>	15
3.5. <i>Ályktanir nefndarinnar</i>	16
4. Siðareglur Háskóla Íslands og starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands.	17
4.1. <i>Inngangur</i>	17
4.2. <i>Eldri reglur um áfrýjunar- og sáttanefnd</i>	17
4.3. <i>Hlutverk og staða siðanefndar Háskóla Íslands</i>	18
4.4. <i>Málsmeðferðarreglur siðanefndar</i>	22
4.5. <i>Staða málsaðila</i>	25
4.6. <i>Skilyrði þess að máli verði lokið með sátt</i>	26
4.7. <i>Ályktanir nefndarinnar</i>	27

5. Málsatvik	29
5.1. <i>Inngangur</i>	29
5.2. <i>Erindi Vantrúar frá 4. febrúar 2010</i>	29
5.3. <i>Meðferð málsins</i>	32
5.3.1. <i>Málsmeðferð siðanefndar til 9. júní 2010</i>	
32	
5.3.2. <i>Meðferð málsins eftir skipun nýs formanns 28. júní 2010</i>	42
5.3.3. <i>Aðkoma guðfræði- og trúarbragðafræðideildar að málinu</i>	52
5.3.4. <i>Aðkoma yfirstjórnar og stjórnslu Háskóla Íslands að málinu</i>	56
5.3.5. <i>Afskipti annarra af meðferð málsins</i>	66
5.3.6. <i>Ákvörðun Vantrúar um að falla frá kærinni</i>	70

Fylgiskjöl:

Fundargerðir nefndarinnar

1. Um skipun nefndarinnar störf hennar og verklag.

1.1. Skipan nefndarinnar.

Á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands. 5 maí 2011 samþykkti ráðið að skipa nefnd þriggja óháðra aðila um mál siðanefndar Háskóla Íslands nr. 1/2010, aðdraganda þess og málsmeðferð. Um skipan nefndarinnar og verkefni hennar segir svo í skipunarbréfi hennar, dags. 6. maí 2011:

„Nefndin fari yfir alla meðferð málsins innan háskólans frá því það hófst, meðferð siðanefndar Háskóla Íslands, vinnubrögð og samskipti við aðila málsins og aðra aðila innan háskólans og utan, sem og afskipti annarra af meðferð málsins.

Hlutverk nefndarinnar verði að lýsa atvikum á hlutlægan hátt og meta hvort eðlilega hafi verið staðið að meðferð málsins. Nefndinni er ekki ætlað að taka efnislega afstöðu til kæruefnisins. Nefndinni er jafnframt falið að fara yfir starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands og eftir atvikum að gera tillögur til úrbóta í ljósi reynslunnar.

Nefndin ljúki störfum fyrir 15. september 2011.

Nefndina skipa þau Elín Díanna Gunnarsdóttir, dósent við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, og Þórhallur Vilhjálmsson, yfirlögfræðingur Alþingis. Gert er ráð fyrir að nefndin komi sér sjálf saman um fundi og verkaskiptingu.“

Fram kemur í skipunarbréfinu að öll skrifleg gögn siðanefndarmáls nr. 1/2010 séu varðveitt í skjalasafni háskólans og að nefndinni sé bent á að hafa sambandi sviðstjóra kennslusviðs vegna þeirra og annarra upplýsinga sem nefndin óskar eftir. Þá fylgdi skipunarbréfinu siðareglur Háskóla Íslands og starfsreglur siðanefndar.

1.2. Störf nefndarinnar.

Eftir fyrsta fund nefndarinnar kom hún sér saman um sérstaka verkáætlun vegna starfa sinna. Til 8. júní 2011 var viðfangsefnið afmarkað nánar og fyrirbyggjandi gögn greind. Til 9. júlí 2011 var aflað frekari upplýsinga og á tímabilinu 18. júní til 9. júlí 2011 átti nefndin viðtöl við málsaðila. Þá kom rektor og Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs Háskóla Íslands á fund nefndarinnar 25. ágúst 2011. Úrvinnsla upplýsinga um málavexti þ.m.t. samanburður við starfsreglur siðanefndar og starfshætti hennar fór fram á tímabilinu 8. ágúst til 28. ágúst 2011. Eftir þann tíma vann nefndin að skýrslu þessari og tillögum sínum til úrbóta.

Á starfstíma nefndarinnar voru haldnir 7 fundir og eftirtaldir aðilar komu til viðtals:

1. Þórður Kristinsson, sviðsstjóri Kennslusvið Háskóla Íslands.
2. Amalía Skúladóttir, ritari siðanefndar Háskóla Íslands.
3. Ingibjörg Halldórsdóttir, f.v. lögfræðingur Háskóla Íslands.
4. Þórður Harðarson, f.v. formaður siðanefndar í máli nr. 1/2010.
5. Ingvar Sigurgeirsson, f.v. formaður siðanefndar í máli nr. 1/2010.
6. Hjalti Hugason, prófessor við Háskóla Íslands.
7. Pétur Pétursson, prófessor við Háskóla Íslands.
8. Bjarni Randver Sigurvinsson, stundakennari við Háskóla Íslands.
9. Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands.
10. Guðni Elísson, dósent við Háskóla Íslands.
11. Reynir Harðarson, formaður Vantrúar.
12. Rektor Háskóla Íslands.

Fundargerðir nefndarinnar fylgja með skýrslu þessari sem fylgiskjöl.

2. Helstu niðurstöður og ábendingar.

2.1. Um meðferð málsins.

Erindi Vantrúar var beint til þriggja aðila innan Háskóla Íslands: rektors, guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og siðanefndar Háskólans. Annars vegar var óskað eftir viðræðum við rektor Háskólans og deildarforseta guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, eftir að þessir aðilar hefðu kynnt sér málaleitan félagsins. Hins vegar var óskað eftir því að siðanefnd HÍ leggði mat á siðferði kennsluefnis með hliðsjón af athugasemdum félagsins er snúa að hæfni Bjarna Randvers Sigurvinsonar til kennslu í greininni.

Umfjöllun um meðferð siðanefndar á málinu er tvískipt, annars vegar tímabilið 4. febrúar 2010 til 9. júní 2010 og hins vegar tímabilið frá 28. júní 2010 til 28. apríl 2011, er málinu lauk með því að Vantrú afturkallaði erindi sitt.

Siðanefnd tímabilið 4. febrúar til 9. júní 2010:

- Að mati nefndarinnar er ekki að sjá að siðanefndin hafi í upphafi máls lagt sjálfstætt mat á hvort máltilbúnaður Vantrúar snerti siðareglur Háskóla Íslands, sbr. 4. gr. starfsreglna siðanefndar. Störf siðanefndar beindust einkum að tilraunum til sátta en ekki að því að afla með kerfisbundnum hætti upplýsinga um málið, vinna úr þeim og eftir atvikum leggja mat á þær, sbr. 5. gr. starfsreglnanna.
- Samskipti einstakra nefndarmanna við málsaðila áttu sér stað utan formlegra funda nefndarinnar. Formleysi af þessum toga dregur úr gagnsæi og er til þess fallið að veikja nauðsynlegt traust aðila til siðanefndarinnar. Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við þetta verklag siðanefndarinnar. Á þeim fjórum fundum nefndarinnar þar sem málið var til umfjöllunar voru málsaðilar ekki boðaðir til fundar.

- Nefndin telur að sú ákvörðun siðanefndar og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar að ljúka málinu gegn Bjarna Randveri með sátt sín í milli á vormánuðum 2010, án aðkomu hans að sáttargjörðinni, sé meginástæða þess í hvaða farveg málið þróaðist og að ekki hafi tekist að ljúka því innan Háskóla Íslands.

Siðanefnd tímabilið 28. júní 2010 til 28. apríl 2011.

- Að mati nefndarinnar hófst hér, með breyttri skipan siðanefndar, hin eiginlega rannsókn málsins í samræmi við starfsreglur siðanefndar og málsmeðferðarreglur stjórnsluréttar. Hins vegar kom fljótlega í ljós að hinn kærði og aðilar tengdir honum, höfðu uppi fjölmargar athugasemdir, s.s. um skipan nefndarinnar, hæfi hennar til að fara með málið, ásamt kröfu um að nefndin viki og höfnun hins kærða að mæta á fundi siðanefndar.
- Að mati nefndarinnar getur það ekki talist ásættanleg niðurstaða að siðanefndinni gafst ekki tími og tækifæri til að sinna því hlutverki sína að taka erindi Vantrúar frá 4. febrúar 2010 til úrskurðar.

Aðkoma guðfræði- og trúarbragðafræðideildar að málinu.

- Að mati nefndarinnar var erindi Vantrúar til guðfræði- og trúarbragðafræðideildar svarað með tölvupósti deildarforseta deildarinnar, dags. 9. mars 2010.
- Aðkoma kennara guðfræði- og trúarbragðafræðideildar á fyrri hluta tímabilsins beindist fyrst og fremst að því að leita satta í málinu með hagsmuni hins kærða í huga en þær báru ekki árangur. Að mati nefndarinnar bera fyrirleggjandi gögn

ekki annað með sér en að á vormánuðum 2010 hafi möguleikar á sáttum í málinu verið mjög takmarkaðir.

- Að mati nefndarinnar voru þær óformlegu þreifingar sem fram fóru á fyrri hluta ársins 2011, um hugsanlegar sættir, fyrst og fremst á milli Vantrúar, guðfræði- og trúarbragðafræðideilda og yfirstjórnar Háskóla Íslands. Verður ekki séð að samráð hafi verið haft við kærða um þá málsmeðferð.

Aðkoma yfirstjórnar og stjórnarsýslu Háskóla Íslands að málinu.

- Nefndin gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu rektors á beiðni Vantrúar frá 4. febrúar 2010, um að taka ekki afstöðu til efnisatriða bréfsins, á meðan málið var ekki afgreitt hjá siðanefnd Háskóla Íslands.
- Að mati nefndarinnar getur það ekki talist heppileg ráðstöfun að lögfræðingur Háskóla Íslands sé látinn starfa fyrir siðanefnd, samhliða því að vera lögfræðingur Háskólans. Með því er hætta á að sjálfstæði hinar miðstýrðu stjórnarsýslu Háskólans í ásýnd og í reynd sé ekki tryggð í málum sem þessum.
- Yfirstjórn Háskóla Íslands hefur ekki svarað erindi Vantrúar formlega, sem til hennar var beint með bréfi dagsettu 4. febrúar 2010 en kom samt að ákvörðun Vantrúar að falla frá kærinni.

Afskipti annarra af meðferð málsins.

- Að mati nefndarinnar getur það ekki talist ásættanleg niðurstaða fyrir afgreiðslu Háskóla Íslands á erindi Vantrúar að fyrri siðanefnd tókst ekki að halda þannig á málinu, að hinn kærði taldi sig ekki njóta réttlátrar málsmeðferðar og því taldi hann nauðsynlegt að leita stuðnings samstarfsmanna sinna.

Ákvörðun Vantrúar um að falla frá kærinni.

- Nefndin telur það óviðunandi, fyrir Háskóla Íslands og málsaðila, að ekki hafi tekist að ljúka því efnislega. Siðanefndinni hafi borið að taka afstöðu til þess hvort fullnægjandi málsgrundvöllur væri til staðar, þ.e. hvort málið heyrði undir nefndina og ef svo bar undir, að leggja fullnægjandi grundvöll að málinu með sjálfstæðri rannsókn svo úrskurða mætti hvort siðareglur Háskóla Íslands hefðu verið brotnar. Þetta tókst ekki.

2.2. Um starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands.

Starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands byggja á fyrirmælum 3. kafla siðareglna Háskóla Íslands. Eftir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júlí 2004 var talin ástæða til þess að endurskoða starfsreglurnar og styrkja þar með starfsgrundvöll siðanefndar Háskólans, miðað við þágildandi löggjöf um háskóla. Ekki var þá talin ástæða til þess að endurskoða sjálfar siðareglurnar en breytingar á starfsreglunum voru samþykktar á háskólafundi 17. nóvember 2006.

- Að mati nefndarinnar eru starfsreglur siðanefndar einfaldar og skýrar og til þess fallnar að ná því markmiði að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun í einstökum málum, þar sem meint brot á siðareglum Háskólans eru til umfjöllunar.
- Að mati nefndarinnar verður ekki dregin sú ályktun að um sé að kenna ófullkomnum starfsreglum nefndarinnar að ekki hafi tekist að ljúka málinu með álitni siðanefndar. Engu að síður er eðlilegt að endurmeta starfsreglur siðanefndar í ljósi reynslunnar og þá í því augnamiði að styrkja enn frekar meðferð einstakra mála.

- Að mati nefndarinnar er það til skýringar að taka sérstaklega fram í starfsreglum nefndarinnar að áður en mál er tekið til efnisumfjöllun hafi siðanefnd tekið afstöðu til þess hvort framkomin kæra varði siðareglur Háskóla Íslands eða málgrundvöll nefndarinnar, sbr. 4. gr. starfsreglna nefndarinnar.
- Standi ekki málefnaleg rök til annars skal tilkynna þeim, sem kæra beinist að, að hún sé komin fram og eftir atvikum óska eftir athugasemdum hans af því tilefni. Nefndin telur að það sé til skýringar ef tekið er fram í starfsreglum siðanefndar um þennan rétt kærða, sem og rétt hans til þess að hafa með sér talsmann á eigin kostnað.
- Starfsreglur siðanefndar gera ráð fyrir því að unnt sé að skipa nýjan nefndarmann í siðanefnd ef vanhæfisástæður 3. gr. stjórnarsýslulaga eiga við. Það væri til skýringar að í starfsreglum siðanefndar væri kveðið á um heimildir til þess að skipa nýjan nefndarmann sem forfallast hefur af öðrum ástæðum.
- Starfsreglur siðanefndar byggja á því að skilyrði þess að sáttanefnd geti aðstoðað málsaðila í sáttatilaunum að skýr vilji þeirra liggi til slíkrar niðurstöðu. Er rétt að byggja á því að siðanefnd gangi úr skugga um vilja málsaðila í þeim efnunum. Að mati nefndarinnar er það til skýringar að í starfsreglum siðanefndar komi fram að þegar kæruefnið snerti ágreining milli manna geti málsaðilar ákveðið að ljúka málinu með sátt. Skal nefndin þá, eftir því sem við verður komið, styðja málsaðila við að ná slíkri niðurstöðu. Í starfsreglum nefndarinnar yrði jafnframt fjallað um skilyrði afskifta siðanefndar af slíkri málsmeðferð.
- Ákvæði greinar 3.3., í siðareglum Háskólans, um að við meðferð mála skuli taka mið af málsmeðferð fyrir dómstólum og opinberum stjórnvöldum, getur valdið vafa og eftir atvikum ágreiningi um það hvaða málsmeðferðarreglum siðanefnd

beri að fylgja. Á þetta ekki síst við þegar kæruefnið snertir ágreining milli manna og málsaðilar hafa ríka hagsmuni af niðurstöðu máls.

- Að mati nefndarinnar væri til einföldunar að vísa til þess að málsmeðferð fyrir siðanefnd skuli taka mið af meginreglum stjórnsluréttar um meðferð mála sem miða að því að tryggja vandaða og málefnalega umfjöllun.

3. Löggjöf um háskóla, siðareglur Háskóla Íslands.

3.1. Inngangur.

Erindi Vantrúar frá 4. febrúar 2010 var sent til þriggja aðila innan Háskóla Íslands: rektors, guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og til siðanefndar Háskóla Íslands. Þó svo nefndinni sé ekki ætlað að fjalla um kæruefnið sjálft er ljóst að það lýtur að skipulagi kennslu, kennsluefni og kennsluháttum í námsgreininni „Nýtrúarhreyfingar“ haustið 2009. Í málinu reynir jafnframt á það hvernig þær skipulagseiningar sem grundvalla starfsemi Háskóla Íslands hafa komið að málinu og leyst úr því með hliðsjón af erindi Vantrúar.

Hér verður gerð grein fyrir stjórnkerfi opinberra háskóla, þ. á m. Háskóla Íslands., reglum skólans um skipulag námsins og um ráðningu stundakennara. Fjallað er enn fremur um heimildir háskóla til þess að setja sér siðareglur.

3.2. Stjórnkerfi opinberra háskóla - Háskóli Íslands.

Háskóli Íslands er opinber háskóli og starfar á grunvelli laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla. Hlutverk opinbers háskóla er m.a. að sinna kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Tekið er fram að opinber háskóli miðli fræðslu til almennings og veiti þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Að öðru leyti fer um hlutverk opinbers háskóla samkvæmt lögum nr. 63/2006, um háskóla. Háskóli Íslands telst sjálfstæð menntastofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Hefur hann sjálfðæmi um starfsemi sína að öðru leyti en kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum fyrirmælum sem gilda um háskólastarf, sbr. 2. gr. laga um opinbera háskóla.

Um stjórnslu og skipulag opinberra háskóla er fjallað í II. kafla laga um opinbera háskóla. Stjórn opinbers háskóla er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskóla. Um skipulagseiningar og æðstu stjórn Háskóla Íslands er fjallað nánar í reglum nr. 569/2009, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum. Tekið er fram að háskólaráð fari með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, þ. á m. fræðasviða og ber ábyrgð á því að háskóli starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um opinbera háskóla er rektor yfirmaður stjórnslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Rektor er þannig falið að stýra starfsemi skólans. Hann ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra sviða. Á milli funda fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. laganna er háskólaráði heimilt að framselja m.a. vald rektors og forseta fræðasviða í einstökum málum til annarra stjórnenda. Í því sambandi er tekið fram, í 8. mgr. 5. gr. reglna um Háskóla Íslands, að forsetar fræðasviða hafi eftirlit og yfirumsjón með starfi og stjórnslu fræðasviða.

Samkvæmt 11. gr. reglna um Háskóla Íslands eru fræðasvið megin skipulagseiningar háskólans. Hvert fræðasvið skiptist síðan í deildir, sem bera m.a. faglega ábyrgð á kennslu og rannsóknum, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglnanna. Undir hugvísindasvið heyrir *guðfræði-* og *trúarbragðafræðideild*. Forseti fræðasviðs og deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðs. Meðal þess sem stjórn fræðasviðs fjallar um eru ákvarðanir deilda um námsframboð. Um hlutverk forseta fræðasviðs er fjallað nánar í 13. gr. reglnanna. Forseti ber ábyrgð gagnvart rektor og háskólaráði og er rektor yfirmaður hans. Hann er yfirmaður sviðsins, stýrir daglegri starfsemi og ber m.a. ábyrgð á starfsmannamálum þess. Jafnframt er hann akademískur leiðtogi sviðsins og talsmaður innan háskólans sem og utan.

Samkvæmt 15. gr. reglnanna fer hver deild með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa. Deild gerir jafnframt tillögur til forseta fræðasviðs um ráðningu stundakennara. Um hlutverk deildarforseta er fjallað í 16. gr. reglnanna. Deildarforseti fer með ábyrgð gagnvart forseta fræðasviðs, sem er yfirmaður hans. Í samráði við forseta fræðasviðs, ber deildarforseti m.a. ábyrgð á skipulagi náms og gæðum kennslu og rannsókna. Á milli deildarfunda, eða deildarráðsfunda, fer deildarforseti í umboði þeirra með ákvörðunarvald í öllum málefnum deildarinnar.

Um ráðningu stundakennara við Háskóla Íslands kemur fram í 1. mgr. 29. gr. reglnanna, sbr. 1. gr. reglna nr. 262/2010, að forseti fræðasviðs, í umboði rektors, ráði m.a. stundakennara. Er tekið fram að forseta sé ekki heimilt að framselja þetta ákvörðunarvald og að hann setji jafnframt verklagsreglur um undirbúning ráðningar stundakennara.

3.3. Skipulag náms. Lýsing námskeiðs.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir því í reglum Háskóla Íslands að stjórn hvers fræðasviðs fjalli um ákvarðanir deilda um námsframboð. Þá er gert ráð fyrir því að deildarforseti beri m.a., í samráði við forseta fræðasviðs, ábyrgð á skipulagi náms og gæðum kennslu og rannsókna.

Í kennsluskrá Háskóla Íslands 2011-2012 er námskeiðinu Nýtrúarhreyfingar GFR605G lýst þannig:

„Nýtrúarhreyfingar teljast þær trúarhreyfingar sem komið hafa fram á Vesturlöndum á liðnum tveim öldum en margar þeirra hafa fest rætur á Íslandi, þar með taldar ýmsar sem flokkaðar hafa verið sem dultrúarhreyfingar. Sumar þessara trúarhreyfinga eiga rætur að rekja í kristna hefð en margar eru undir áhrifum frá ýmsum austurlenskum trúarbrögðum. Fjallað verður um tilurð þessara trúarhreyfinga, sögu þeirra og hugmyndafræði og gerð grein fyrir félagslegri stöðu þeirra bæði hér heima og úti í heimi. Sérstök áhersla verður þó

lögð á að skilgreina grundvallartrúarhugtök þessara trúarhreyfinga og kynna helstu kenningarnar um félagslegar forsendur þess að þær geti breiðst út og náð áhrifum.“

Tekið er fram að kennari sé Bjarni Randver Sigurvinsson en umsjónarmaður fagsins sé Pétur Pétursson, prófessor. Námskeiðið var síðast kennt á haustmisseri 2009 og tekur kæra Vantrúar til fyrirkomulags námskeiðsins og kennsluhátta í því. Á þessum tíma var Bjarni Randver stundakennari við Háskóla Íslands.

3.4. Lagaákvæði um siðareglur.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um háskóla skulu háskólar setja sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum um háskóla kemur fram að „...í slíkum siðareglum mætti m.a. kveða á um störf og hlutverk siðanefnda líkt og þeirra sem starfað hafa við Háskóla Íslands.“ Í löggjöf um háskóla eða lögskýringargögnum er að öðru leyti ekki að finna sérstök fyrirmæli um siðareglur í starfsemi háskóla eða um siðanefndir.

Með lögum nr. 186/2010 voru m.a. gerðar breytingar á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem miða m.a. að því að siðareglur fyrir starfsmenn í stjórnslu ríkisins fái almennt lagastoð. Þannig er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra staðfesti almennar siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins. Lögin tóku gildi 2. júlí 2010. Þó svo að þau atvik sem nefndinni er ætlað að skoða hafi átt sér stað fyrir þann tíma er samhengisins vegna rétt að nefna þau hér og vekja athygli á meðferð Alþingis á frumvarpi því sem varð að lögum nr. 186/2010. Upphaflega var gert ráð fyrir því að brot ríkisstarfsmanns á siðareglum gætu varðað hann viðurlögum að opinberum starfsmannarétti, t.d. með áminningu. Af nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar veður ráðið að horfið hafi verið frá slíku þar sem nefndinni hafi verið bent á, m.a. í

skýrslu starfshóps forsætisráðherra um viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá maí 2010, að gera þyrfti „... skýran mun á lagareglum og siðareglum.“ Síðan segir:

„Meiri hlutinn telur að með því verði enn skýrari munur á siðareglum og lagareglum en fyrr þar sem brot á siðareglum mundi fyrst og fremst geta leitt til neikvæðs álits umboðsmanns Alþingis en hefði ekki önnur lagaleg áhrif að sinni. Eftir sem áður mundi brot á siðareglum í einhverjum tilfellum geta fallið saman við brot á ákvæðum starfsmannalaga um skyldur ríkisstarfsmanna.“

3.5. Ályktanir nefndarinnar.

Siðareglur Háskóla Íslands hvíla á sérstakri heimild í lögum um háskóla. Af lögskýringargögnum má ráða að gert hafi verið ráð fyrir því að hægt yrði að fjalla um siðanefndir í slíkum reglum. Í lögum er ekki fjallað sérstaklega um stöðu og hlutverk siðanefnda innan háskóla.

Rétt er að áréttta að skýran greinarmun skal gera á siðareglum og lagareglum og viðbrögðum við brotum á þeim. Jafnvel þó svo að sú háttsemi eða framkoma sem um er að ræða geti varðað bæði efni siðareglna og laga.

4. Siðareglur Háskóla Íslands og starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands.

4.1. Inngangur.

Siðareglur Háskóla Íslands voru samþykktar á háskólafundi 7. nóvember 2003. Þá voru jafnframt samþykktar starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands, sem síðar var breytt með samþykkt háskólafundar 17. nóvember 2006.

Hér er gerð grein fyrir eldri reglum um áfrýjunar og sáttanefnd, forvera siðanefndarinnar. Þá er fjallað um hlutverk nefndarinnar og gerð grein fyrir málsmeðferðarreglum og stöðu þeirra sem koma fyrir nefndina. Loks er gerð grein fyrir úrskurðum nefndarinnar samkvæmt gildandi siðareglum og um heimildir hennar til þess að leita sátta.

4.2. Eldri reglur um áfrýjunar- og sáttanefnd.

Á fundi háskólaráðs 21. júní 2001 var samþykkt að leggja niður áfrýjunar og sáttanefnd en nefndin hafði starfað á grunvelli sérstakra reglna sem samþykktar höfðu verið á fundi háskólaráðs 9. júní 1988. Í fundargerð frá þeim fundi er sérstaklega bókað að nefndin skyldi heita áfrýjunar- og sáttanefnd í stað áfrýjunarnefndar. Má ráða að með því hafi sáttahlutverk nefndarinnar verið undirstrikað sérstaklega.

Hlutverk áfrýjunar- og sáttanefndar Háskóla Íslands var að vinna að sáttum í ágreiningsmálum háskólaþegna, gera tillögur um aðra lausn mála eða gefa rökstutt álit um tiltæk úrræði, enda hefði mál ekki verið leyst með samkomulagi aðila eða ákvörðun réttra stjórnneininga í Háskólanum. Var nefndinni ætlað að gefa álit og benda á úrlausnir, en skyldi ekki hafa úrskurðarvald. Þá var ekki gert ráð fyrir því að aðilar utan

Háskólans gætu komið á framfæri kærur fyrir brot á reglunum og tók nefndin því aðeins til umfjöllunar mál milli „háskólaþegna“. Samkvæmt upplýsingum sviðsstjóra kennsluviðs Háskólans munu meginástæður þess að ákveðið var að leggja niður nefndinna hafa verið þær að mjög fá mál bærust til úrlausnar og að réttara hefði verið að skipa nefnd hverju sinni þegar tilefni væri til.

Meðal þess sem kemur fram í greinargerð starfshóps til rektors, dags. 5. maí 2005, um stöðu siðareglna Háskóla Íslands, er að litið hafi verið á áfrýjunar- og sáttanefnd Háskólans sem forvera siðanefndar Háskólans. Jafnframt má ráða af viðmælendum nefndarinnar að það hafi ávallt verið ríkur þáttur í starfi siðanefndar að leitast við að leiða mál til lykta með sátt frekar en að gefa álit um brot á siðareglum Háskóalans.

4.3. Hlutverk og staða siðanefndar Háskóla Íslands.

Um siðanefnd Háskóla Íslands er fjallað í 3. kafla siðareglna Háskólans og í starfsreglum siðanefndarinnar frá 7. nóvember 2003 með breytingum, sem samþykktar voru 17. nóvember 2006. Í formála siðareglnanna kemur fram að með skráningu þeirra séu fangaðir í orð helstu hættir þeirrar siðferðilegu ábyrgðar sem samofin er störfum við Háskóla Íslands, í þeim tilgangi að hvetja og aðstoða starfsfólk hans við að sinna störfum sínum á vandaðan og árangursríkan hátt. Þá segir að „...með reglum um málsmeðferð [sé] einnig skapaður farvegur trúnaðar og óhlutdrægni fyrir rökstuddar ásakanir um misbrest og stuðlað að því að leyst verði úr ágreiningi á málefnalegan hátt.“

Um hlutverk siðanefndar og starfsgrundvöll hennar er fjallað í 3. kafla siðareglnanna um viðbrögð við brotum á siðareglum Háskóla Íslands:

„3.1 Starfsfólk Háskólans er vakandi fyrir því að halda siðareglur skólans. Ef starfsmaður verður þess áskynja að reglurnar hafi verið brotnar gerir hann viðvart um það, með því að beina erindi til rektors eða siðanefndar Háskóla

Íslands. Rökstudd ásökun um brot á siðareglum má aldrei bitna á þeim sem færir hana fram.

3.2 Siðanefnd Háskóla Íslands hefur það hlutverk að skera úr um það hvort siðareglur Háskólans hafi verið brotnar. Nefndin tekur við erindum frá aðilum innan og utan Háskólans, en tekur ekki mál upp að eigin frumkvæði.

3.3 Siðanefnd starfar samkvæmt starfsreglum sem háskólaráð staðfestir. Reglurnar lýsa meðferð mála fyrir nefndinni, meðal annars varðandi það hvernig nefndin aflar gagna og athugasemda málsaðila og hvernig hún upplýsir mál og birtir niðurstöður sínar. Tekið er mið af málsmeðferð fyrir dómstólum og opinberum stjórnvöldum sem ætlað er að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun.

3.4 Niðurstaða siðanefndar í máli er bæði rökstudd og afdráttarlaus. Nefndin mælir ekki fyrir um viðurlög við brotum á siðareglum, en tekur afstöðu til alvarleika brotsins og hvort um endurtekið brot hafi verið að ræða.

3.5 Niðurstaða siðanefndar um brot á siðareglum er endanleg og verður ekki áfrýjað. Ef niðurstaða nefndarinnar bendir til þess að um sé að ræða brot í starfi í skilningi laga vísar nefndin málinu til rektors sem grípur til viðeigandi ráðstafana lögum samkvæmt. Ef um er að ræða ágreining eða brot á lagareglum, sem heyrir undir aðila utan Háskólans vísar nefndin málinu frá.“

Um skipan nefndarinnar segir svo í 2. gr. starfsreglna nefndarinnar:

„Formaður siðanefndar er skipaður af háskólaráði samkvæmt tilnefningu rektors. Félag háskólakennara og Félag prófessora skipa hvort um sig einn nefndarmann. Þegar fram kemur kæra um brot á siðareglum getur rektor skipað tvo menn að auki eftir eðli máls til þess að fjalla um kærana ásamt formanni og fulltrúum kennarafélaganna. Í umboði háskólaráðs skipar rektor þessa tvo menn að fengnum tilnefningum formanns nefndarinnar.

Skipunartími formanns og fulltrúa kennarafélaganna er þrjú ár, en skipun annarra nefndarmanna tekur einungis til fyrirliggjandi máls.

Rektor skipar nefndinni ritara úr hópi starfsmanna Háskólans.“

Samkvæmt framansögðu er siðanefnd Háskóla Íslands sjálfstæð og viðvarandi nefnd sem háskólaráð skipar til þess að úrskurða hvort siðareglur háskólans hafi verið brotnar.

Nefndinni er ekki fengið vald til þess að mæla fyrir um viðurlög en hún skal taka afstöðu til alvarleika brots. Bendi niðurstaða nefndarinnar til þess að um sé að ræða brot í starfi í skilningi laga vísar hún málinu til rektors. Sá málsgrunvöllur sem nefndin starfar að öðru leyti á eru siðareglur skólans sem háskólaráð samþykkti 7. nóvember 2003.

Um stöðu siðanefndarinnar og þeirra sem kæra beinist að, var m.a. fjallað í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júlí 2004. Í því máli krafðist málsaðili, sem fengið hafði synjun sýslumanns á því að lagt yrði lögbann á tiltekna efnisumfjöllun siðanefndar Háskóla Íslands, að ákvörðun sýslumanns yrði felld úr gildi og lögbann lagt á í samræmi við beiðni hans. Í niðurstöðu úrskurðarins um efnishlið málsins er að finna eftirfarandi ummæli um siðareglur Háskólans, sem þá höfðu nýlega verið samþykktar:

„Að mati dómara einkennast framangreindar siðareglur af víðtækum og almennt orðuðum ákvæðum sem iðulega gefa tilefni til mats. Umræddar siðareglur snerta mikilvæga hagsmuni háskólaborgara, einkum háskólakennara og annarra fræðimanna, með því að brot á reglunum er til þess fallið að skaða orðstír og fræðimannaheildur þeirra gagnvart starfsbræðrum sem og samfélaginu í heild. Er þýðing þessara hagsmuna vandmetin þegar um er að ræða menn sem í mörgum tilvikum hafa gert vísindi og fræði að lífsstarfi sínu. Að þessu slepptu er enn fremur ljóst að brot gegn ákvæðum siðareglna getur jafnframt talist brot á starfsskyldum starfsmanns háskólans og þannig leitt til viðbragða af hálfu yfirstjórnar skólans. Við slíkar aðstæður yrði úrskurður varnaraðila [siðanefndar] tilefni og jafnframt, að hluta eða í heild, grundvöllur eiginlegrar stjórnvaldsákvörðunar, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1990.

Samkvæmt framangreindu telur dómari ljóst að varnaraðila [siðanefnd] er falið að fjalla um mikilvæga og lögverndaða hagsmuni háskólaborgara samkvæmt reglum sem oft geta gefið tilefni til mats og andstæðra túlkana, en samkvæmt starfsreglum varnaraðila [siðanefndar] hefur hann það hlutverk að úrskurða endanlega um það hvort siðareglur hafi verið brotnar, eins og nánar greinir í I. kafla hér að framan. Getur það ekki ráðið úrslitum um mikilvægi úrskurða varnaraðila að þessu leyti þótt þeir verði ekki studdir viðurlögum og yfirstjórn háskólans sé í sjálfsvald sett hvort hún grípur til aðgerða í framhaldi af þeim. Samkvæmt þessu er það álit dómara að setning framangreindra siðareglna og stofnun varnaraðila [siðanefndar] sem úrskurðaraðila um efni þeirra í

kærumálum gegn einstökum háskólaborgurum hafi falið í sér íþyngjandi fyrirkomulag fyrir þá sem undir reglurnar og lögsögu varnaraðila [siðanefndar] voru settir. Er þá einnig haft í huga það yfirlýsta markmið laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og laga nr. 136/1997 um háskóla að tryggja akademískt frelsi kennara sem og nemenda.“

Það var enn fremur niðurstaða héraðsdóms að þrátt fyrir að líta bæri á siðanefnd Háskóla Íslands sem stjórnábylgjufund innan háskólans lægi fyrir að úrskurðir nefndarinnar gætu hvorki lagt lagalegar skyldur á aðila kærumála né væru þeir bindandi fyrir yfirstjórn Háskólans. Niðurstaða héraðsdóms var m.a. sú að siðareglur Háskóla Íslands hefðu samkvæmt þeim lögum sem þá giltu um háskóla og Háskóla Íslands skort lagastoð. Varnaraðili, siðanefnd Háskóla Íslands, kærði úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar sem vísaði málinu frá héraðsdómi með dómi 30. september 2004, í máli nr. 358/2004. Í niðurstöðu Hæstaréttar er vísað til þess að nefndin, hefði ekki slíka stöðu innan stjórnkerfis Háskólans að hún gæti átt aðild að dómsmáli samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

Um stöðu siðareglna Háskóla Íslands, í kjölfar ofangreinds máls, var fjallað í áður nefndri greinargerð starfshóps rektors, dags. 5. maí 2005. Í greinargerðinni er með almennum hætti vísað til mála sem upp hafi komið um skyldur starfsmanna skólans til þess að hlíta reglunum og að bent hafi verið á að óviðeigandi væri að ætla hverjum sem er að geta komið kærum á framfæri fyrir brot á siðareglum Háskólans. Er í því sambandi vísað til þess að áfrýjunar- og sáttanefnd Háskólans, sem hafi verið „forveri siðanefndar“, hafi einungis tekið til umfjöllunar mál milli háskólaþegna. Þá er bent á eftirfarandi:

„Framkomin sjónarmið og reynslan af þeim málum sem upp hafa komið, virðast þannig benda til að skýrleika gildandi fyrirkomulags sé áfátt, bæði hvað varðar lagalega stöðu þess og eins hvað sjálft inntak siðareglanna varðar.“

Starfshópurinn benti á að sú leið að styrkja lagalega stöðu siðareglna og siðanefndar með sérstakri lagastoð væri „óheppileg þar sem hún myndi ekki marka þau skil sem, eðli málsins samkvæmt, verður að viðhalda milli lagareglna og siðareglna.“ Þá er í greinargerðinni lýst þeim kosti sem komi til greina að skerpa á hlutverki siðareglna og grundvelli þeirra. Meðal þess sem nefndin taldi rétt að taka þyrfti til endurskoðunar í fyrirkomulagi siðareglna og siðanefndar Háskólans var:

„Hvernig greina megi skýrlega á milli niðurstaðna siðanefndar annars vegar og stjórnarsýslulegra ákvarðana hins vegar, í samræmi við þá meginreglu að álit siðanefndar hafi ekki í för með sér nein stjórnarsýsluviðurlög eða sjálfkrafa afskipti af hálfu stjórnenda stofnunarinnar“

Á háskólafundi 26. maí 2005 var gerð grein fyrir greinargerð starfshópsins og samþykkt tillaga rektors að skipaður yrði sérstakur starfshópur til þess að undirbúa endurskoðað fyrirkomulag fyrir næsta fund. Á þeim háskólafundi, 17. nóvember 2005, var samþykkt að vísa tillögum starfshópsins til umsagnar deilda, stofnana og Félags prófessora og Félags háskólakennara. Tillögur starfshópsins um breytingar á starfsreglum siðanefndar voru síðan lagðar fyrir háskólafund 17. nóvember 2006 og samþykktar þar.

4.4. Málsmeðferðarreglur siðanefndar.

Í grein 3.3 í siðareglum Háskólans, sem áður eru raktar, er vísað til þess að siðanefnd starfi eftir starfsreglum sem háskólaráð staðfestir og þeirra efnisþátta sem reglurnar taki til. Þá er með almennum hætti vísað til þess að „tekið [sé] mið af málsmeðferð fyrir dómstólum og opinberum stjórnvöldum sem ætlað er að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun.“

Í 1. gr. starfsreglnanna er það endurtekið að nefndin úrskurði um það hvort siðareglur Háskóla Íslands hafi verið brotnar. Þá er tekið fram að nefndin taki við

skriflegum kærur um meint brot á siðareglum frá nafngreindum aðilum innan og utan Háskólans. Í 1. gr. starfsreglnanna er jafnframt tekið fram:

„Starf siðanefndar skal, eftir því sem við á, taka mið af meginreglum um óhlutdrægni og vandaða málsmeðferð, m.a. hvað varðar stöðu málsaðila og tillit til hagsmuna þeirra.“

Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála fer samkvæmt 3. gr. stjórnáskilulaga nr. 37/1993. Um málsgrundvöll siðanefndar er eftirfarandi tekið fram í 4. gr. reglnanna:

„Siðanefnd kannar hvort framkomin kæra snertir siðareglur Háskóla Íslands. Nefndin vísar frá kærur sem ekki varða siðareglurnar eða eru tilefnislausar. Þá getur nefndin vísað kærur frá, ef um er að ræða meint brot á lagareglum sem hægt er að bera undir úrskurð stjórnvalda eða dómstóla.“

Um gagnaöflun siðanefndar er fjallað í 5. gr. starfsreglnanna. Tekið er fram að „siðanefnd [afli] nauðsynlegra gagna til þess að hún geti úrskurðað um kæruefnið.“ Í ákvæðinu er sérstaklega fjallað um heimildir siðanefndar til öflunar gagna innan Háskólans og um meðferð þeirra. Mælt er fyrir um andmælarétt í 6. gr. starfsreglnanna. Er þar tekið fram að áður en siðanefnd komist að niðurstöðu um kærur skuli málsaðili eiga þess kost að tjá sig um kærur, öll gögn sem aflað hafi verið og afstöðu annarra málsaðila ef svo ber undir. Um niðurstöðu siðanefndar er fjallað í 7. gr. reglnanna, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Niðurstaða siðanefndar í kæruráli skal vera rökstudd og afdráttarlaus um það hvort brotið hafi verið gegn siðareglum Háskóla Íslands. Geti nefndin ekki komist að skýrri niðurstöðu vegna skorts á upplýsingum um málsatvik, skal kærurinni vísað frá. Geti nefndarmenn ekki orðið sammála um það hvort um brot sé að ræða, ræðst niðurstaðan af afstöðu þeirra tveggja nefndarmanna sem mynda meirihluta. Þar sem kæruefnið snertir ágreining milli manna skal nefndin, eftir því sem við verður komið, styðja málsaðila í því að ná sáttum.“

Siðanefnd mælir ekki fyrir um viðurlög við brotum sem hún kemst að niðurstöðu um, en skal taka afstöðu til alvarleika brotsins og hvort telja megi að um endurtekið brot sé að ræða.“

Um birtingu niðurstöðu er fjallað í 8. gr. starfsreglnanna en þar er m.a. gert ráð fyrir því, að svo miklu leyti sem niðurstaða nefndarinnar byggist á túlkun siðareglna, skuli nefndin almennt búa til útdrátt úr umfjöllun sinni og birta sem skýringu við viðkomandi ákvæði reglnanna á vef háskólans.

Af 3. kafla siðareglna Háskóla Íslands og starfsreglum nefndarinnar er ljóst að siðnefnd er bundinn af þeim málgrundvelli sem henni er afmarkaður í 4. gr. starfsreglnanna. Er siðanefnd þannig ekki bær til þess að taka afstöðu til einstakra efnispátta málsins nema ljóst sé að mál falli undir málaefnasvið nefndarinnar. Í því fellst nánar að til athugunar sé framkoma eða háttsemi starfsmanns sem kunni að teljast brot gegn nánar tilgreindum ákvæðum siðareglanna. Annars vísar nefndin frá kærú sem ekki varða siðareglurnar eða er tilefnislaus að mati hennar. Til þess að slík ákvörðun verði tekin með upplýstum hætti getur siðanefnd þurft að afla gagna og upplýsinga, m.a. frá málsaðilum. Af skipan siðareglanna og framsetningu þeirra er ljóst að miðað er við að siðanefnd taki afstöðu til þess strax í upphafi hvort mál varði siðareglur Háskólans og þá um leið hvort vísa eigi máli frá á þeim grundvelli eða að kærú sé tilefnislaus.

Í lokamálslið greinar 3.3 í siðareglum Háskólans er vísað til þess að við meðferð mála fyrir nefndinni skuli taka „...mið af málsmeðferð fyrir dómstólum og opinberum stjórnvöldum sem ætlað er að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun“. Hér er um að ræða mjög almenna tilvísun til réttarfarslögjafar og málsmeðferðarreglna stjórnsýsluréttar. Hætta er á að slík almenn tilvísun geti valdið ágreiningi um það hvort starfsreglur siðanefndar séu í samræmi við slíkar kröfur. Enn fremur að hve miklu leyti málsmeðferð siðanefndar sé í samræmi við slík viðmið í einstökum málum og þá

sérstakleg þegar ákvæðum starfsreglnanna sleppir. Verði talin nauðsyn á að endurskoða starfsreglur siðanefndar er rétt að huga nánar að því að skýra þau viðmið sem starfsreglur siðanefndar eiga að taka mið af, til að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun.

4.5. Staða málsaðila.

Starfsreglur siðanefndar taka ekki fram á hvaða stigi máls málsaðili eigi rétt á að fá að tjá sig um framkomna kærú. Almennu verður að gera ráð fyrir því að þegar litið er til hagsmuna málsaðila og þess sem ber fram kærú, að kynna beri málsaðila kærúna svo fljótt sem unnt er, nema í undantekningartilvikum að málefnalegar ástæður geti réttlætt annað, svo sem vegna hagsmuna þess sem fram ber kærú eða þriðja aðila. Ljóst er að í máli þar sem kann að reyna á framkomu eða háttsemi starfsmanns í starfi hans getur jafnframt reynt á hvort hann hafi brotið starfsskyldur sínar samkvæmt lögum. Almennu verður að ganga út frá því að þá hafi starfsmaður ríka hagsmuni af því hvernig leyst er úr málinu. Þannig verður að gera ráð fyrir því að hinum kærða sé almennt tilkynnt um framkomna kærú enda hefur slíkt jafnframt þann réttmæta tilgang að leggja grunn að því hvort máli verði vísað frá nefndinni eða hvort kærú er tilefnislaus. Almennu verður slík ákvörðun ekki tekin nema með því að afla áður upplýsinga hjá hinum kærða eða eftir atvikum afstöðu hans til kærúnnar (sjá hér til hliðsjónar álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1395/1995). Auk þess sem hér hefur verið rakið er rétt að vísa til almennra reglna réttarfars og stjórnsluréttar um málshraða, um staðfestingu á móttöku erindis, að tilkynna málsaðila um málið og gefa honum þar með færi á að gæta hagsmuna sinna.

Beinist erindi eða kærú að framkomu eða háttsemi starfsmanns Háskóla Íslands, verður samkvæmt framansögðu almennt að gera ráð fyrir því að hann fá stöðu aðila samkvæmt siðareglum Háskóla Íslands og starfsreglum áfrýjunarnefndar. Hann á þá rétt á því að málsmeðferðin taki mið af meginreglum um óhlutdrægni og vandaða

málsmeðferð, m.a. hvað varðar stöðu hans sem málsaðila og að tekið sé tillit til hagsmuna hans, sbr. 1. gr. starfsreglna siðanefndar. Enn fremur að gætt sé að kröfum um fullnægjandi rannsókn máls, að hann fái að kynna sér gögn málsins og að tjá sig um framkomna kæru, sbr. 5. og 6. gr. starfsreglnanna.

4.6. Skilyrði þess að máli verði lokið með sátt.

Í loka málslið 1. mgr. 7. gr. starfsreglna siðanefndar segir:

„Þar sem kæruefnið snertir ágreining milli manna skal nefndin, eftir því sem við verður komið, styðja málsaðila í því að ná sáttum.“

Ekki eru sérstök fyrirmæli í starfsreglum siðanefndarinnar um nánari útfærslu á heimildum nefndarinnar til þess að styðja aðila til sátta. Ljóst er, eins og áður er rakið, að forveri nefndarinnar, áfrýjunar- og sáttanefnd, hafði það hlutverk beinlínis að vinna að sáttum í ágreiningsmálum háskólaþegna. Ráða má af orðum viðmælenda nefndarinnar og áður er nefnt, að það hafi verið ríkur þáttur í störfum siðanefndar að beita sér fyrir sátt í ágreiningsmálum út af meintum brotum á siðareglum Háskólans. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Háskóla Íslands hefur siðanefnd Háskólans fengið til meðferðar átta kærumál frá gildistöku endurskoðaðra starfsreglna hennar, eða frá 27. nóvember 2007. Þar hefur tveimur málum verið lokið með sátt. Varðaði annað málið ummæli í dómnefndarálit í tengslum við umsókn um kennarastarf en hitt ráðningu í starf á skrifstofu Háskóla Íslands. Þá hefur fjórum málum verið vísað frá nefndinni. Brot á siðareglum hefur verið staðfest í einu máli og loks hefur ein kæra verið dregin til baka.

Almennt verður að telja æskilegt að aðilar eigi þess kost að geta leitt mál til lykta með sátt. Aðkoma siðanefndar að sáttaumleitunum er hins vegar takmörkuð þar sem hún er bundin við að „styðja málsaðila í að ná sáttum“. Ljóst er að afskipti siðanefndar af sáttatilraunum málsaðila getur reynst vandasöm og á það sérstaklega við þegar

málsaðilar eru ekki að fullu einhuga um grundvöll sáttarinnar. Við þær aðstæður er hætt á að siðanefnd geti glatað tiltrú aðila á að leyst verði úr máli á málefnalegan hátt en slíkt er forsenda þess að siðanefnd geti haft afskipti af máli með þessum hætti. Hafi siðanefnd komið þannig að sáttatilaunum að draga megi óhlutdrægni hennar í efa getur nefndarmaður, eða eftir atvikum nefndin öll, orðið vanhæf til meðferðar málsins.

Ljúki máli með sátt, þar sem reynir á túlkun einstakra siðareglna, er ekki ljóst af 8. gr. starfsreglna nefndarinnar hvort siðanefnd beri að birta útdrátt í slíku máli. Ljúki ágreiningsmálum um túlkun siðareglna almennt með sátt verður til takmörkuð vitneskja um túlkun þeirra og þróun, en birting á niðurstöðum siðanefndar er byggð á slíkum sjónarmiðum. Hins vegar er jafnframt ljóst að ekki er öruggt að öll mál sem ljúki með sátt geti haft þýðingu fyrir túlkun siðareglna Háskóla Íslands. Rétt er að undirstrika að þó svo að máli ljúki með sátt verða stjórnendur Háskóla Íslands ekki bundnir af niðurstöðunni.

Þegar starfsreglur siðanefndar eru virtar í heild sinni, einkum 4. gr., sem fjallar um málsgrundvöllinn og 7. gr. um niðurstöðu siðanefndar, er ljóst að það eru hagsmunaaðilar sjálfir sem hafa forræði á því að ljúka máli með sátt. Af þessu leiðir jafnframt að til þess að siðanefnd geti liðsinnt málsaðilum í sátttaumleitunum þarf að liggja fyrir með skýrum hætti vilji þeirra til þess að ljúka málinu með þeim hætti. Hvorki siðareglur Háskóla Íslands né starfsreglur siðanefndar gera ráð fyrir því að siðanefnd geti sjálf ákveðið að mál skuli leyst með sátt í stað þess að taka mál til meðferðar samkvæmt starfsreglum nefndarinnar.

4.7. Ályktanir nefndarinnar.

Að mati nefndarinnar væri til einföldunar að vísa til þess að málsmeðferð fyrir siðanefnd skuli taka mið af meginreglum stjórnsýsluréttar um meðferð mála, sem miða

að því að tryggja vandaða og málefnalega umfjöllun. Með tilvísun til meginreglna stjórnarsýsluréttar er átti við skráðar og óskráðar reglur stjórnarsýsluréttar.

Að mati nefndarinnar er það til skýringar að taka sérstaklega fram í starfsreglum nefndarinnar að áður en mál er tekið til efnisumfjöllunar hafi siðanefnd tekið afstöðu til þess hvort framkomin kæra varði siðareglur Háskóla Íslands eða málsgrundvöll nefndarinnar, sbr. 4. gr. starfsreglna nefndarinnar.

Standi ekki málefnaleg rök til annars skal tilkynna þeim, sem kæra beinist að, að hún sé komin fram og eftir atvikum óska eftir athugasemdum hans af því tilefni. Nefndin telur að það sé til skýringar ef tekið er fram í starfsreglum siðanefndar um þennan rétt kærað og réttur hans til þess að hafa með sér talsmann á eigin kostnað.

Starfsreglur siðanefndar byggja á því að skilyrði þess að sáttanefnd geti aðstoðað málsaðila í sáttatilaunum að skýr vilji þeirra liggi til slíkrar niðurstöðu. Er rétt að byggja á því að siðanefnd gangi úr skugga um vilja málsaðila í þeim efnunum. Að mati nefndarinnar er það til skýringar að í starfsreglum siðanefndar komi fram að þegar kæruefnið snerti ágreining milli manna geti málsaðilar ákvæðið að ljúka málinu með sátt. Skal nefndin þá, eftir því sem við verður komið, styðja málsaðila við að ná slíkri niðurstöðu. Í starfsreglum nefndarinnar yrði jafnframt fjallað um skilyrði afskifta siðanefndar af slíkri málsmeðferð.

Ákvæði greinar 3.3., í siðareglum Háskólans, um að við meðferð mála skuli taka mið af málsmeðferð fyrir dómstólum og opinberum stjórnvöldum, getur valdið vafa og eftir atvikum ágreiningi um það hvaða málsmeðferðarreglum siðanefnd beri að fylgja. Á þetta ekki síðst við þegar kæruefnið snertir ágreining milli manna og málsaðilar hafa ríka hagsmuni af niðurstöðu máls.

5. Málsvatvik.

5.1. *Inngangur.*

Hér er gerð grein fyrir meðferð Háskóla Íslands á erindi Vantrúar til Háskóla Íslands. Erindinu var beint til þriggja aðila innan háskólans, nánar tiltekið. rektors, guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og siðnefndar háskólans. Umfjöllun um meðferð siðnefndar er skipt annars vegar í tímabilið 4. febrúar 2010 til 9. júní 2010, eða þegar Þórður Harðarson, formaður nefndarinnar sagði sig frá málinu og hins vegar í tímabilið frá 28. júní 2010 til 28. apríl 2011, er málinu lauk með því að Vantrú afturkallaði erindi sitt.

Nefndin hefur í ljósi viðfangsefnisins, eins og það er afmarkað í skipunarbréfi hennar, miðað umfjöllun sína við þau ákvæði 4. – 7. gr. starfsreglna siðnefndar, þar sem fjallað er um málsgrundvöll, gagnaöflun, andmælarétt og niðurstöðu í siðnefndarmáli.

5.2. *Erindi Vantrúar frá 4. febrúar 2010.*

Með þremur bréfum, dagsettum 4. febrúar 2010, til rektors Háskóla Íslands, til guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og til siðnefndar Háskóla Íslands gerði formaður Vantrúar alvarlegar athugasemdir við efnisval siðferði og hæfni Bjarna Randvers Sigurvinnssonar guðfræðings við kennslu í faginu. Í bréfunum kemur fram að félagsmenn í Vantrú hefðu undir höndum glærur úr námskeiðinu „Nýtrúarhreyfingar“ sem Bjarni Randver hefði kennt. Með bréfunum fylgdu umræddar glærur ásamt sérstöku skjali með athugasemdum við glærurnar.

Í bréfi Vantrúar til rektors segir m.a. svo:

„Að okkar mati hefur Bjarni Randver orðið Háskóla Íslands til minnkunar í umfjöllun sinni um trúlausa og félagið Vantrú þar sem meðferð hans á tilvitnunum í félagsmenn, uppsetningu o.fl. er hreinn áróður og skrumskæling á afstöðu okkar.

[...]

Við förum fram á að þetta kennsluefni, sem og hæfni Bjarna Randvers sem kennara, verði metin í ljósi þeirra athugasemda sem við komum hér á framfæri. Niðurstaða þess mats endurspeglar vonandi faglegan og fræðilegan metnað Háskóla Íslands.

[...]

Við gerum athugasemdir við tvær glæruraðir:

A: Deistar o.fl. 37 glærur.

B: Vantrú 37 glærur .

Glærur þessar auk nokkurra athugasemda eru í fylgiriti.

Þegar þú hefur kynnt þér þetta erindi óska ég eftir fundi með þér til að ræða efni þess og fá viðbrögð þín.“

Í bréfi formanns Vantrúar til deildarforseta guðfræði- og trúarbragðarfræðideildar segir m.a. svo:

„Að okkar mati hefur Bjarni Randver orðið guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands til minnkunar í umfjöllun sinni um trúlausa og félagið Vantrú þar sem meðferð hans á tilvitnunum í félagsmenn, uppsetning o.fl. er hreinn áróður og skrumskælið á afstöðu okkar.

[...]

Við förum fram á að þetta kennsluefni, sem og hæfni Bjarna Randvers sem kennara, verði metin í ljósi þeirra athugasemda sem við komum hér á framfæri. Niðurstaða þess mats endurspeglar vonandi faglegan og fræðilegan metnað guðfræði- og trúarbragða[fræði]deildar HÍ.“

Í niðurlagi bréfs Vantúar segir síðan: „Þegar þú hefur kynnt þér þetta erindi óska ég eftir fundi með þér til að ræða efni þess og fá viðbrögð þín.“

Í bréfi Vantúar til Siðanefndar Háskóla Íslands segir m.a. eftifandi:

„Að okkar mati hefur Bjarni Randver orðið Háskóla Íslands til minnkunar í umfjöllun sinni um trúlausa og félagið Vantrú þar sem meðferð hans á tilvitnunum í félagsmenn, uppsetning o.fl. er hreinn áróður og skrumskæling á afstöðu okkar, sem við teljum ótvírætt brot á siðareglum HÍ.

[...]

Við förum fram á að siðferði þessa kennsluefnis verði metið í ljósi þeirra athugasemda sem við komum hér á framfæri. Niðurstaða þess mats endurspeglar vonandi faglegan og fræðilegan metnað Háskóla Íslands.“

Loks telur félagið í bréfi sínu til siðanefndar ástæðu til þess að huga sérstaklega að nánar tilgreindum greinum siðareglna Háskóla Íslands. Sömu athugasemdir eru gerðar við tvær glæruraðir og önnur atriði og fram koma í bréfi Vantrúar til rektors Háskóla Íslands og getið er hér að framan.

Ályktun nefndarinnar:

Að mati nefndarinnar er hér um að ræða þrjú aðskilin erindi þar sem annars vegar er óskað eftir viðræðum við rektor Háskólans og deildarforseta guðfræði- og trúarbragðafræðideildar eftir að þessir aðilar hefðu kynnt sér málaleitan félagsins. Hins vegar að siðanefnd Háskóla Íslands legði mat á siðferði kennsluefnis með hliðsjón af athugasemdum félagsins er snúa að hæfni Bjarna Randvers til kennslu í greininni.

Nefndin lítur svo á að með tölvupósti til Reynis Harðarsonar formanns Vantrúar, dags 9 mars 2010, frá Pétri Péturssonar prófessor, hafi guðfræði- og trúarbragðafræðideild svarað erindi Vantrúar frá 4. febrúar 2010, en þar segir:

„Ég hef rætt við Bjarna Randver um erindi bréf þíns frá 4 febrúar og við höfum farið yfir það efni sem þú tiltekur. Niðurstaða mín er þessi: Tekið verður mið af athugasemdir félagsins Vantrúar við einstaka glærur og kynningu á því ef námskeiðið verður kennt aftur. Um þetta eru við Bjarni Randver sammála. Ég vil

einnig taka það fram að hann nýtur fulls traust míns sem kennari í trúarbragðafræði.“

Nefndin lítur jafnframt svo á að erindi Vantrúar hafi verið framsent siðanefnd Háskólans til meðferðar, sbr. tölvupóst ritara rektors til Vantrúar, dags. 22. febrúar 2010, en þar kemur fram að athugasemdir félagsins hafi „... verið sendar til siðanefndar sem hefur erindi Vantrúar til meðferðar“.

5.3. Meðferð málsins

5.3.1. Málsmeðferð siðanefndar til 9. júní 2010.

Erindi Vantrúar frá 4. febrúar 2010 er til umfjöllunar hjá siðanefnd sem mál nr. 1/2010, Vantrú gegn Bjarna R. Sigurvinnssyni. Á þessum tíma var siðanefnd skipuð þannig: Þórður Harðarson formaður, Sigríður Þorgeirsdóttir prófessor og Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor.

Í tölvupósti ritara siðanefndar 16. febrúar 2010 til annarra nefndarmanna kemur fram að formaður nefndarinnar sé erlendis en sé væntanlegur aftur um miðjan mars 2010. Biður hann nefndina að skoða málið fram að þeim tíma og hvernig á því skuli tekið með Jónatani Þórmundssyni. Jafnframt kemur fram að formaður Vantrúar hafi einnig sent erindið til rektors en ekki hafi þótt rétt að svara því án samráðs við siðanefndina. Þá segir að formaður Vantrúar verði látinn vita af framvindu málsins en það verði ekki afgreitt án aðkomu formanns siðanefndar. Með tölvupósti, 15. mars 2010, er boðað til fyrsta fundar siðanefndar um málið, þann 25. mars 2010.

Eins og áður segir er fjallað um málið með tilliti til 4.-7. gr. starfsreglna siðanefndar.

4. gr. Málsgrundvöllur:

Siðanefnd kannar hvort fram komin kæra snertir siðareglur Háskóla Íslands. Nefndin vísar frá kærur sem ekki varða siðareglurnar eða eru tilefnislausar. Þá getur nefndin vísað kærur frá, ef um er að ræða meint brot á lagareglum sem hægt er að bera undir úrskurð stjórnvalda eða dómstóla.

Fyrsti fundur siðanefndar í máli nr. 1/2010, Vantrú gegn Bjarna R. Sigurvinnssyni, var haldinn 25. mars 2010, að viðstöddum nefndarmönnum og ritara nefndarinnar. Í fundargerð kemur fram að nefndarmenn hafi farið yfir athugasemdir formanns Vantrúar með hliðsjón af glærunum og voru á einu máli að fjalla ætti um málið út frá faglegu sjónarmiði í guðfræði- og trúarbragðafræðideild, samhliða athugun siðanefndar á því hvort siðareglur háskólans hafi verið brotnar. Formaður kvaðst hafa rætt við starfandi forseta guðfræði- og trúarbragðafræðideildar um að reynt yrði að leita sátta í málinu. Ákveðið var að fulltrúar deildarinnar kæmu á fund siðanefndarinnar. Þá var eftirfarandi bókað í fundargerðinni: „Samþykkt var að veita formanni umboð til að boða kærandann, Reynir Harðarson, á sinn fund til að leita leiða til sátta. Takist það ekki verði að kalla alla málsaðila fyrir siðanefnd, fyrst kærandann“.

Með fundargerðinni fylgdi bréf Péturs Péturssonar, prófessors í kennimannlegri guðfræði, deildarforseta guðfræði- og trúarbragðarfræðideildar, til formanns siðanefndar, dags. 23. mars 2010, út af kæru félagsins Vantrúar vegna kennsluefnis í námskeiði um nýtrúarhreyfingar en þar segir m.a.:

„Ég átti fund með Bjarna Randver, Hjalta Hugasyni og Einari Sigurbjörnssyni í dag og við erum sammála um að ræða við siðanefndina á þeim forsendum að ná sáttum eða samkomulagi. ...

Við urðum einnig ásáttir um að það heyrði helst upp á mig að ræða við nefndina þar sem ég er nú starfandi deildarforseti, var umsjónarmaður með umræddu námskeiði og er leiðbeinandi Bjarna Randvers sem er í doktorsnámi í trúarbragðafræði. Doktorsverkefni hans er um trúarhreyfingar á Íslandi á 20 öld.
...“

Í greinagerð, dags 12. janúar 2011, sem Bjarna Randver afhenti nefndinni segir svo:

„Ég hef ekki undir höndum bréf Péturs Péturssonar sem dagsett er 23. mars 2010 og hef aldrei séð það en hann virðist hafa afhent það þegar hann fór með bréf mitt til nemenda minna, dagsett 6. desember 2009, heim til Þórðar Harðarsonar. Ég hef því aldrei veitt samþykki fyrir þessu bréfi og þeim atriðum sem þar er sögð nefnd.“

Þá segir enn fremur í bréfi Bjarna Randvers:

„Sömuleiðis er rangt að ég hafi samþykkt að Pétur Pétursson kæmi fram fyrir mína hönd í málinu enda hefur siðanefndin ekkert í höndunum frá mér sem staðfestir það.“

Í fundargerð annars fundar siðanefndar 15. apríl 2010 kemur fram að auk annarra nefndarmanna hafi setið fundinn Jónatan Þórmundsson, prófessor og Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingur Háskóla Íslands. Undir liðnum „kæra Vantrúar- staða mála“ kemur m.a. fram:

„Rædd var sáttaleið sem fæli í sér yfirlýsingu frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, gegn því að málið yrði dregið til baka. Starfandi forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, sem kemur fram í þessu máli f.h. Bjarna, hefur fallist á þessa leið, óformlega „

Með bréfi, dags. 29. apríl 2010 kynnti siðanefndin erindi Vantrúar fyrir Bjarna Randveri. Fram kemur að nefndin hafi haft erindið til umfjöllunar og muni „taka það formlega til efnislegrar meðferðar í næstu viku.“ Var Bjarna gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri skriflega fyrir 5. maí 2010. Fram kemur í tölvupósti ritara siðanefndar, dags. 11. maí 2010, að framangreint bréf siðanefndar hefði ekki borist Bjarna Randveri og að annað bréf sama efnis, dags. 10. maí 2010, hafi verið afhent Bjarna Randveri. Með bréfinu var Bjarna Randveri gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri skriflega, fyrir 17. maí 2010.

Hinn 29. apríl 2010 ritaði siðanefndin einnig formanni Vantrúar bréf þar sem segir:

„Siðanefnd Háskóla Íslands hefur haft mál þitt gegn Bjarna R. Sigurvinnssyni til umfjöllunar undanfarnar vikur og mun taka það til efnislegrar meðferðar í næstu viku. Siðanefnd stefnir að því að boða málsaðila á sinn fund í annarri viku maímánaðar.“

5.gr. Gagnaöflun:

Siðanefnd aflar nauðsynlegra gagna til þess að hún geti úrskurðað um kæruefnið. Nefndin skal eiga óheftan aðgang að gögnum sem kærana varða í skjalasafni Háskóla Íslands og skjalasöfnum deilda. Viðræður nefndarmanna við þá sem tengjast skulu skjalfestar eftir því sem við verður komið. Sé gerð hljóðupptaka af viðtali skal það gert með samþykki viðmælenda. Það sem skráð er eftir viðmælenda skal borið undir hann til samþykkis. Um aðgang að upplýsingum sem nefndin aflar og niðurstöðum mála gilda ákvæði upplýsingalaga.

Á fyrsta fundi siðanefndar þann 25. mars 2010, var ákveðið að fyrir næsta fund hennar myndi Þorsteinn Vilhjálmsson skoða heimasíðu Vantrúar og Sigríður athuga fordæmi.

Eins og áður segir ritaði siðanefndin Bjarna Randveri bréf, dags. 29. apríl 2010 og aftur 10. maí 2010, þar sem erindi Vantrúar er kynnt. Auk bréfs Vantrúar frá 4. febrúar 2010 fylgdu fylgiskjöl þess. Í tölvuskeyti Bjarna Randvers frá 12. maí 2010, til ritara siðanefndar, kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Ég mun skila inn til þín útprenti af ítarlegri greinargerð auk fylgiskjala mánudaginn 17. maí.

Ég fer fram á að þrír fastráðnir kennarar af Hugvísindasvið fái að fylgja mér inn á fundinn með siðanefnd og taka þar fullan þátt í öllum samræðum enda snýst kæra um grundvallarspurningar er varða rannsóknarfrelsi. Jafnframt fer ég fram á að fundurinn verð hljóðritaður.“

Greinargerð Bjarna Randvers ber yfirskriftina: „Svar við kæru Vantúrar“ og er 179 síður að meðtöldum fylgiskjöllum.

Nefndin hefur kynnt sér greinargerðina auk þess að kynna sér tölvupóstsamskipti, einkum milli formanns siðanefndar og kennara guðfræði- og

trúarbragðafraeðideildar, í tengslum við þá málaleitan að koma á sáttum í málinu. Jafnframt kemur fram í göngum málsins að 30. apríl 2010 var haldinn fundur kennara og doktorsnema á hugvísindasviði, þar sem sérstök ályktun um störf siðanefndar var samþykkt.

6. gr. Andmælaréttur:

Áður en siðanefnd kemst að niðurstöðu varðandi kæru skal málsaðili eiga þess kost að tjá sig um framkomna kæru, öll gögn sem aflað hefur verið og afstöðu annarra málsaðila ef þeim er til að dreifa.

Á 2. fundi siðanefndar þann 15. apríl 2010 bendir lögfræðingur Háskóla Íslands á andmælarétt Bjarna sem Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild þyrfti að veita honum áður en málið yrði afgreitt í siðanefnd og yfirlýsing birt. Er bókað í fundargerðina að formaður gangi „...frá því við forseta deildarinnar að andmælaréttur Bjarna yrði virtur.“

Á 3. fundi siðanefndar þann 6. maí 2010, er áhersla lögð á að farið sé að formreglum stjórnarsýslulaga um meðferð málsins og árettað að öðrum en málsaðilum yrði haldið utan við málið á vettvangi siðanefndar.

Eins og áður segir var Bjarna veittur frestur til 17. maí 2010 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri skriflega. Jafnframt ritaði siðanefndin formanni Vantrúar bréf, dags. 29. apríl 2010, sem rakið er hér að framan.

7. gr. Niðurstaða:

Niðurstaða siðanefndar í kærumáli skal vera rökstudd og afdráttarlaus um það hvort brotið hafi verið gegn siðareglum Háskóla Íslands. Geti nefndin ekki komist að skýrri niðurstöðu vegna skorts á upplýsingum um málsatvik, skal kærinni vísað frá. Geti nefndarmenn ekki orðið sammála um það hvort um brot sé að ræða, ræðst niðurstaðan af afstöðu þeirra tveggja nefndarmanna sem

mynda meirihluta. Þar sem kæruefnið snerti ágreining milli manna skal nefndin, eftir því sem við verður komið, styðja málsaðila í því að ná sáttum.

Siðanefnd mælir ekki fyrir um viðurlög við brotum sem hún kemst að niðurstöðu um, en skal taka afstöðu til alvarleika brotsins og hvort telja megi að um endurtekið brot sé að ræða.

Á því tímabili sem er hér til umfjöllunar lagði formaður siðanefndar til að aðilar næðu sáttum í málinu. Í því sambandi lagði formaður þann 16. apríl 2010 fram tillögu að sáttarbréfi. Í tölvupóst formanns til aðila málsins, kemur fram eftirfarandi:

„Sæl öll, (sendi þennan póst til nefndarmanna, málsaðila og lögfræðinganna Ingibjargar og Jónatans).

Vísa til síðasta bréfs Péturs Péturssonar. Þar kemur fram, að kennarafundur verði haldinn í guðfræðideild á miðvikudaginn [21. apríl] m.a. til að fjalla um hugmynd siðanefndar að sáttum. Farið er fram á drög á sáttabréfi.

Eftirfarandi tillögu að sáttabréfi hef ég nú borið óformlega undir Pétur Pétursson og Reyni Harðarson og hafa báðir lýst jákvæðri afstöðu til þess. Siðanefnd er ekki tilbúin að gera róttækar breytingar á tillögunni, nema ljóst sé að báðir aðilar telji þær til bóta. Hins vegar gætu minni háttar orðalagsbreytingar verið til skoðunar, ef brýna nauðsyn ber til slíkra breytinga.

Reykjavík -----

Meðal kennsluefnis guðfræðideildar Háskóla Íslands er námskeiðið Nýtrúarhreyfingar. Bjarni Randver Sigurvinsson hefur annast kennslu á námskeiðinu.

Með bréfi dagsettu 4. febrúar 2010 barst siðanefnd Háskóla Íslands erindi frá Reyni Harðasyni sálfræðingi fyrir hönd félagsins Vantrúar, þar sem kennsluefni, sem snerti félagið var gagnrýnt með ýmsum hætti.

Að beiðni siðanefndarinnar hafa deildarforseti og varadeildarforseti guðfræðideildar farið yfir umrætt kennsluefni.

Þeir viðurkenna og harma, að kennsluefnið felur ekki í sér hlutlæga og sanngjarna umfjöllun um félagið Vantrú, málstað þess og einstaka félagsmenn. Athugasemdir Reynir Harðarsonar og samtaka hans verða teknar til jákvæðar skoðunar, þegar og ef til þess kemur, að námskeiðið verði endurtekið.

Pétur Pétursson (og Hjalti Hugason?)

Jafnframt og samtímis þessari yfirlýsingu gerir siðanefnd ráð fyrir yfirlýsingu frá Reyni Harðasyni (formaður hefur rætt það við Reyni), þar sem erindi hans til siðanefndar er dregið til baka.

Í ljósi ofangreindrar yfirlýsingar frá guðfræðideil Háskóla Íslands dreg ég til baka erindi mitt til siðanefndar Háskóla Íslands dags 4 febrúar 2010.

Reynir Harðarson.“

Þann 21. apríl 2010 sendir Pétur Pétursson prófessor tölvupóst til Þórðar Harðarsonar, formanns siðanefndar en þar segir:

„Kæra Vantrúar vegna nokkurra glæra sem Bjarni Randver Sigurvinsson stundakennari notaði í kennslu í námskeiðinu Nýtrúarhreyfingar s.l. haust hefur verið til umræðu í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild á deildarfundi 14 apríl og kennarafundi 21. apríl. Á síðari fundinum var sérstakleg rætt um möguleika á sáttum. Bjarni Randver var á þeim fundi og gerði grein fyrir afstöðu sinni. Hann lýsti því yfir að hann væri tilbúinn að biðja [A] afsökunar á vanhugsaðri birtingu myndar af honum í kristsgervi sem sótt var af netinu. Bjarni Randver ítrekar það að hann sé tilbúinn að hlusta á athugasemdir Vantúrar við einstaka glærur og taka tillit til þeirra eftir því sem efni og ástæður gefa tilefni til. Einnig erum við Bjarni Randver tilbúnir til að efna til umræða á akademískum vettvangi í samstarfi við félagið Vantrú um trú og vísindi og trú og vantrú t.d. með ráðstefnu og útgáfu efnis sem nota mætti í kennslu í trúarbragðafræði. Að öðru leyti er vísað til afgreiðsla deildarforseta á samskonar kærui og barst siðanefnd, þ.e. bréfi undirritaðs til Reynis Harðarsonar formanns Vantrúar frá 9 mars.

Virðingarfyllst,

Pétur Pétursson umsjónarmaður trúarbragðafræða

Forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar H.Í.“

Þann 26. apríl 2010 sendir formaður siðanefndar tölvupóst til Péturs Péturssonar en þar segir m.a.:

„Þakka þér fyrir tölvubréf þitt dags. 21. apríl 2010. Siðanefnd virðist, að með því sé hafnað þeim drögum að yfirlýsingu, sem nefndin taldi að aðilar væru sáttir við. Þar með er ekki sagt, að sættir komi ekki til greina.“

Á fundi kennara og doktorsnema við Hugvísindasvið, 30. apríl 2010, var fjallað um kærú Reynis Harðarsonar, formanns Vantrúar, frá 4. febrúar 2010 á hendur Bjarna Randver Sigurvinnssyni vegna námskeiðsins „Nýtrúarhreyfingar“. Á fundinum var samþykkt yfirlýsing sem borin var undir atkvæði og var hún samþykkt af 22 af alls 23 kennurum og doktorsnemunum sviðsins. Í yfirlýsingunni kom m.a. eftirfarandi fram:

„Í ljósi þeirra umræðna sem urðu á fundinum er það álit undirritaðra að ekkert réttlæti þá ákvörðun Siðanefndar að birta áfellingisdóm í formi „sáttatillögu“ um kennslu Bjarna Randvers í tölvupósti frá formanni nefndarinnar, rituðum 16. apríl 2010. Sá áfellingisdómur var kynntur kærandanum, Reyni Harðasyni, en ekki hinum kærða. Siðanefnd virti hvorki andmælarétt Bjarna Randvers, né aflaði sér gagna í málinu, áður en hún kvað upp úrskurð sinn, þó svo að starfsreglur hennar kveði á um slíkt.

[...]

Á því leikur enginn vafi að í tölvupósti formanns Siðanefndar felst áfellingisdómur sem getur reynst Bjarna íþyngjandi. Fundurinn hvetur því nefndina til að taka kærúna fyrir sem fyrst með formlegum hætti, ef sættir nást ekki, svo að hægt verði að skera úr um í eitt skipti fyrir öll réttmæti þeirrar kærú sem lögð hefur verið fram.“

Þann 14. maí 2010 sendi formaður Vantrúar tölvuskeyti til siðanefndar þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Okkur í Vantrú þætti vænt um að fá formlegar upplýsingar um stöðu málsins.

Við höfum heyrt af upphlaupi nokkurra kennara í Hugvísindadeild, sem eru ekki aðilar að málinu. Okkur skilst að þeir hafi sent frá sér ályktun þar sem talað er um „úrskurð „eða“ niðurstöðu“ siðanefndar, þótt hún hafi engan úrskurð kveðið eða komist að niðurstöðu.

Siðanefnd reyndi sættir og sættir hljóta að fela í sér að komið sé til móts við þann sem telur á sér brotið, annað er frávísun eða hunsun. Ekki hefði verið látið reyna á þessari sættir án þess að forseti guðfræði- og trúarbragðafræðideildar teldi þær réttan leik stöðunni.

Við hörmum ef bornar voru brigður á heilindi nefndarmanna í þessu máli af óviðkomandi aðilum, algjörlega að ósekju. Við vonum að nefndin fái að sinna störfum sínum óáreitt og að enginn dómur verði kveðinn upp um störf hennar fyrr en hún hefur lokið þeim störfum.

Aðfinnslur og athugasemdir einhvers þrýstihóps innan háskólans eru í hæsta máta óeðlilegar á þessu stigi málsins og afar sérkennilegt ef reyna á með þessu hætti að hafa áhrif á niðurstöðu nefndarinnar, vægast sagt. Takist það er allt málið í uppnámi frá upphafi til enda.

Á Vantrú að treysta niðurstöðu siðanefndar sem er sérskipuð með tilliti til kvörtunar manna sem telja sig málið varða innan Háskóla Íslands?."

Með bréfi, dags. 9. júní 2010, greindi formaður siðanefndar rektor Háskóla Íslands frá þeirri ákvörðun sinni „...að segja [sig] frá formennsku siðanefndar Háskóla Íslands í máli Reynis Harðarsonar f.h. Vantrúar gegn guðfræði- og trúarbragðafræðideilda og Bjarna Randver Sigurvinsyni“. Í tengslum við afsögn sína afhenti formaður siðanefndar rektor minnisblað í tengslum við ákvörðun sína, en þar segir m.a.:

„Miklu moldvirði hefur verið þyrlað upp í tengslum við umfjöllun og vinnubrögð siðanefndar í þessu máli. Einkum hefur verið veist að formanni siðanefndar, þar sem hann hafði tekið að sér hið viðkvæma hlutverk sáttasemjarans. Formaður telur sig hafa hreinan skjöld, en það virðist ekki álit stórs hóps kennara á hugvísindasviði, sem hafði raunar ekki talið nauðsynlegt að leita sjónarmiða formannsins. Formaður er sakaður um að hafa tekið afstöðu í kærumálinu án þess að kynna sér nauðsynleg gögn. Svör formanns að verkefni hans hafi í upphafi einungis verið hefðbundið sáttasemjarahlutverk og að málið hafi alls ekki verið tekið enn til efnislegrar umfjöllunar taka umræddir kennarar ekki gild.

Miklu skiptir, að siðanefnd njóti óskoraðs trausts í háskólasamfélaginu. Ekki er það síst mikilsvert í nánasta starfsumhverfi deiluaðila. Slíkt traust virðist ekki fyrir hendi á hugvísindasviði.

Hætt er við, að niðurstaða núverandi siðanefndar verði tortryggð, hvernig sem henni verður háttað. Verði umrædd kennslugögn talin fela í sér brot á siðareglum, getur það túlkast sem staðfesting á því að siðanefnd hafi snemma tekið ótímabæra afstöðu á ónógum forsendum og geti ekki snúið við blaðinu.

Verði kennslugögnin hins vegar talin samrýmast siðareglum, má túlka það svo, að siðanefnd hafi látið undan ytri þrýstingsaðgerðum.

Formaður siðanefnda telur því affarasælast fyrir siðanefndina og háskólann, að hann segi sig frá málinu eða ný nefnd, sem skipuð verður í sumar taki málið til umfjöllunar.

Má eitthvað læra af þessu máli?

Kannski ætti sá boðskapur erindi við háskólasamfélagið, að siðanefnd Háskóla Íslands fái í framtíðinni frið til að fjalla um kærúmál án ytri þrýstings og að menn geymi sér gagnrýni á störf nefndarinnar, þar til hún hefur lokið umfjöllun sinni.

...”

Ályktun nefndarinnar:

Byggja verður á því að við meðferð málsins hafi siðanefndin, auk starfsreglna nefndarinnar, borið að fylgja meginreglum stjórnisýsluréttar. Á þetta ekki síst við þegar horft er til hagsmuna þess sem kæra beinist að og að niðurstaða siðanefndar geti orðið grundvöllur viðurlaga gagnvart starfsmanni samkvæmt reglum opinbers starfsmannaréttar.

Að mati nefndarinnar er ekki að sjá að siðanefndin hafi í upphafi máls lagt sjálfstætt mat á hvort málatilbúnaður Vantrúar snertir siðarelgur Háskóla Íslands. Í stað þess var formanni veitt umboð til að hefja sáttatilraunir milli siðanefndar og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar en ekki beint við hinn kærða á fyrsta fundi nefndarinnar, þar sem málið var tekið fyrir.

Að mati nefndarinnar beindust störf siðanefndar einkum að tilraunum til sáttar en ekki að því að afla með kerfisbundnum hætti upplýsinga um málið, vinna úr þeim og eftir atvikum leggja mat á þær. Í því sambandi telur nefndin, og þá sérstaklega með vísan til mats guðfræði- og trúarbragðafræðadeildar á erindi Vantrúar, sbr. svar

deildarinnar frá 9. mars 2010, að siðanefndinni hafi áður en málið kæmi til frekari meðferðar borið að leggja mat á hvort og þá með hvaða hætti kæran snerti siðareglur Háskóla Íslands.

Fram til 9. júní 2010 eða á þeim fjórum fundum sem mál Vantrúar gegn Bjarna Randveri var til umfjöllunar, voru málsaðilar ekki boðaðir til fundar, þ.m.t. fulltrúar guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands. Samskipti einstakra nefndarmanna við málsaðila áttu sér stað utan formlegra funda nefndarinnar. Formleysi af þessum toga dregur úr gagnsæi og er til þess fallið að veikja nauðsynlegt traust aðila til siðanefndarinnar. Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við þetta verklag siðanefndarinnar

Nefndin telur að sú ákvörðun siðanefndar og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar að ljúka málinu gegn Bjarna Randveri með sátt sín í milli á vormánuðum 2010, án aðkomu hans að sáttargjörðinni, sé meginástæða þess í hvaða farveg málið þróaðist og að ekki hafi tekist að ljúka því innan Háskóla Íslands.

Að mati nefndarinnar verður ekki önnur ályktun dregin af fyrirliggjandi gögnum málsins en að verulega hafi á skort að við meðferð þess hafi verið gætt fyrirmæla í 4.-6. gr. starfsreglna siðanefndar.

5.3.2. Meðferð málsins eftir skipun nýs formanns 28. júní 2010

Þann 28. júní 2010 skipaði rektor Ingvar Sigurgeirsson ad hoc, formann siðanefndar í máli nr. 1/2010. Þann 9. júlí 2010 er haldinn fimmti fundur siðanefndar Fjallað er nánar um þá ákvörðun á bls. 57-58. Fundinn sátu, auk Ingvars, þau Sigríður Þorgeirsdóttir, Þorsteinn Vilhjálmsson, Ingibjörg Halldórsdóttir og Amalía Skúladóttir.

Á þeim fundi var samþykkt að nýta heimild í 2. gr. starfsreglna siðanefndar og leita til rektors um að skipa tvo sérfræðinga utan Háskóla Íslands í nefndina.

Á fundinum var einnig farið yfir gagnaöflun í málinu og ákveðið að tilkynna Reyni Harðarsyni, formanni Vantrúar, formlega um gang mála og senda honum greinargerð Bjarna Randvers „Svar við kæru Vantrúar“, sem lögð var fyrir siðanefnd í maí 2010. Bárust gögnin formanni Vantrúar 8. september 2010.

Þann 10. ágúst 2010 skipaði rektor Guðmund Heiðar Frímansson og Gerði G. Óskarsdóttur ad hoc, í siðanefnd í máli nr. 1/2010. Í siðanefnd sátu þá auk þeirra tveggja, Ingvar Sigurgeirsson, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorsteinn Vilhjálmsson.

Í fundargerð sjötta fundar siðanefndar, sem haldinn var 1. september 2010, kemur m.a. fram:

„...að nefndarmenn hafa fengið kennsluáætlun, próf og önnur gögn af vefsvæði námskeiðsins með leyfi Bjarna Randvers [og að] frekari upplýsingaöflun verði lokið 8. október.“

Áframhaldandi upplýsingaöflun var skipulögð og ákveðið að boða til funda með málsaðilum. Á fundinum var tekin fyrir krafa Bjarna Randvers frá 12. maí 2010 þar sem hann fór fram á að þrír fastráðnir kennarar af Hugvísindasviði fengju að fylgja honum inn á fundinn með siðanefnd og taka þar fullan þátt í öllum samræðum ásamt því að fundurinn yrði hljóðritaður.

Siðanefnd ákvað að Bjarni Randver fengi að hafa með sér trúnaðarmann á fundinn, án þátttöku í samræðum og var Ingibjörgu Halldórsdóttur falið að fá Bjarna Randver til að falla frá kröfu um hljóðritun. Bjarni Randver samþykkti það með tölvupósti til formanns nefndarinnar þann 24. september 2010 en sagðist einnig í þeim pósti standa við fyrri kröfu um að þrír kennara af Hugvísindasviði fylgi honum á fund siðanefndar og taki fullan þátt í umræðum.

Sjöundi fundur siðanefndar var haldinn 24. september 2010 og voru eftirtaldir boðaðir á þann fund: Bjarni Randver Sigurvinsson, Sólveig Anna Bóasdóttir forseti guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, Pétur Pétursson umsjónamaður námskeiðsins *Nýtrúarhreyfingar* og varadeildarforseti, Ástráður Eysteinnsson forseti Hugvísindasviðs og Reynir Harðarsson formaður Vantrúar. Þeim Bjarna Randveri og formanni Vantrúar var boðið að hafa með sér 1-2 áheyrnarfulltrúa. Samkvæmt fundargerð mættu allir þessir einstaklingar til viðtals nema Bjarni Randver sem mætti auk Guðna Elíssonar til að tilkynna siðanefnd að hann hefði ráðið Ragnar Aðalsteinsson hrl. sem málsvara sinn og þar sem Ragnar væri vant við látinn gæti ekki orðið af settum fundi. Með Reyni Harðarsyni formanni Vantrúar mættu á fundinn þeir Matthías Ásgeirsson og Birkir Baldursson.

Samkvæmt bréfi siðanefndar 17. nóvember 2010 til kennslustjóra Hugvísindasviðs, óskaði Siðanefnd eftir aðgangi að prófúrlausnum nemenda í námskeiðinu *Nýtrúarhreyfingar*. Í kjölfarið krafðist lögmaður Bjarna Randvers rökstuðnings fyrir nauðsyn aðgangs að prófúrlausnunum. Svaraði formaður nefndarinnar því m.a. með tölvupósti til lögmanns Bjarna Randvers þann 26. nóvember 2010, en þar segir m.a.:

„Meginrök fyrir þessari beiðni eru þau að svör nemenda við umræddri spurningu (og mat kennara á þeim) kunna að varpa ljósi á umfjöllun um það efni sem kært hefur verið (efnistök, áherslur, heimildir).“

Í svari lögmanns Bjarna Randvers frá 7. desember 2010, segir m.a.:

„...ég tel ekki ástæðu til að svara honum [tölvupóstinum] eða gera athugasemdir við einstök viðhorf sem fram koma í honum. Ég kann þó að gera það síðar eftir því sem tilefni gefst til. Ég leyfi mér hins vegar að senda yður hjálagt greinagerðir um kæru Vantrúar á hendur Bjarna Randveri Sigurvinssyni.“

Höfundar greinargerðanna voru nú fastir kennarar við Háskóla Íslands og einn við Háskólann á Bifröst, auk eins nemanda Bjarna Randvers. Í þessum greinargerðum verja höfundar kennsluaðferðir Bjarna Randvers og telja siðareglur ekki hafa verið brotnar með þeim. Í svari lögmannsins kemur einnig fram eftirfarandi:

„Rétt er að taka fram með skýrum hætti að í framsendingu gagna þessara til siðanefndar HÍ á þessu stigi felst ekki nein viðurkenning á hæfi nefndarinnar til meðferðar málsins eða að gætt hafi verið sjónarmiða um réttláta málsmeðferð gagnvart umbj.m. Á það mun hins vegar reyna á síðari stigum málsins.“

Í svari formanns siðanefndarinnar til lögmannsins þann 9. desember 2010 segir meðal annars:

„[...] hið fyrsta verði efnt til fundar með Bjarna Randver svo siðanefnd fái tækifæri til að heyra skýringar hans og sjónarmið. Afar bagalegt er hve dregist hefur að fá fund með honum, eins og m.a. má sjá af sumum þeim greinargerðum sem fylgdu erindi þínu, liggur nefndin undir gagnrýni fyrir hve dregist hefur að ljúka málinu. Siðanefnd mun funda 16. desember síðdegis og býður nefndin Bjarna Randver að koma til fundar við nefndina á þeim tíma“

Í svarbréfi lögmannsins, dags 14. desember 2010, kemur eftirfarandi meðal annars fram:

„Þar sem umbj.m. telur nefndarmenn í siðanefnd HÍ vanhæfa til meðferðar kærumáls Vantrúar á hendur honum mun ég í tæka tíð fyrir fundinn 16. þ.m. senda nefndinni formlega kröfu hans um að nefndarmenn víki sæti vegna vanhæfis ásamt greinargerð fyrir þeirri kröfu.“

Sem svar við þessu gaf siðanefndin, með tölvupósti þann 15. desember 2010, lögmanninum kost á að leggja boðaða kröfu ásamt greinargerð fram á áttunda fundi nefndarinnar þann 16. desember 2010. Á fundi siðanefndar lagði lögmaður Bjarna Randvers fram greinargerð í átta liðum með fylgiskjöllum. Þar koma meðal annars fram fyrstu drög að yfirlýsingu um vanhæfi siðanefndar. Í greinargerðinni útlistar lögmaðurinn að vanhæfi siðanefndar manna felist einkum í eftirfarandi:

„1. Bjarna Randveri var haldið lengst af frá kærumálinu.

2. Siðanefndin átti í ítarlegum trúnaðarsamskiptum við kæranda, Vantrú.
3. Siðanefndin átti samskipti um kærana á hendur Bjarna Randveri við þriðja aðila, guðfræði- og trúarbragðafræðideild.
4. Siðanefnd samdi „sáttatillögu“ sem byggðist á sekt Bjarna Randvers.
5. Fyrirfram mótuð afstaða siðanefndar.
6. Smitáhrif frá formanni og upphaflegum meirihluta siðanefndar.“

Í kjölfarið óskaði siðanefnd eftir viðbrögðum Þórðar Harðarsonar fyrrverandi formanns nefndarinnar og Reynis Harðarsonar f.h. Vantrúar við greinargerðinni.

Í svari Þórðar, dags. 27. desember 2010, ver hann ákvarðanir sínar sem formaður siðanefndar og vísar meðal annars til minnisblaðs þess sem hann afhenti rektor í tengslum við afsögn sína. Einnig svarar hann liðum eitt til fimm í greinargerðinni með eftirfarandi hætti:

- „1. Bjarna var ekki „haldið lengst af frá málinu“, heldur taldi nefndin eðlilegt að nálgast fyrst yfirvöld guðfræði- og trúarbragðafræðideildar vegna eðlilegrar ábyrgðar þeirra á kennslu innan deildarinnar og með sáttatillagaum í huga. Ótvírætt kemur fram í bréfi Péturs Péturssonar dagsettu 23. mars 2010, að það var einnig skoðun Bjarna Randvers og tveggja virtra prófessora deildarinnar auk deildarforseta. Slík nálgun hefði getað leitt til farsællar lausnar málsins að álit nefndarinnar og raunar einnig deildarforsetans. Í kærnu Vantrúar kemur skýrt fram álit kærands á ábyrgð deildarinnar, hvað varðar kennsluefni hennar.
2. Samtöl formanns við kæranda eru gerð tortryggileg, en ekki er getið um ítarlegri samskipti við deildarforseta guðfræði- og trúarbragðafræðideildar.
3. Hér er vísað á bug þeim skilningi kærða að málið hafi verið guðfræði- og trúarbragðafræðideild óviðkomandi, enda var það ekki álit Péturs Péturssonar eða Bjarna Randvers.
4. „Sáttatillaga“ formanns byggðist á afstöðu og viðbrögðum deildarforseta og kæranda, en varðaði á engan hátt skoðanir siðanefndar, enda lágu þær ekki fyrir.
5. Afstaða siðanefndar var því ekki „fyrirfram mótuð.“

Í svari Reynis Harðarsonar frá 4. janúar 2011 kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Siðanefndarmenn verða ekki vanhæfir þótt þeir reyni sættir eins og reglur siðanefndar mæla fyrir um. Sættir hljóta auk þess óhjákvæmilega að fela í sér að komið er til móts við upphaflega kvörtun, þ.e.a.s. tekið er undir kvörtunarefnið að einhverju leyti.“

Í greinargerð lögmanns Bjarna Randvers eru upplýsingar um gögn sem Bjarni Randver hafði undir höndum af innri vef Vantrúar. Ljóst er af umfjöllun um þau og viðbrögðum Vantrúar að tekist var á um réttimæti þess að leggja gögnin fram og hvernig var vísað til þeirra.

Á níunda fund siðanefndar, sem haldinn var 6. janúar 2011, mætti lögmaður Bjarna Randvers, aðstoðarmaður hans, Guðni Elísson prófessor á Hugvísindasviði og Jón Ólafsson prófessor í Háskólanum á Bifröst. Lögð voru fram og gerð grein fyrir tveimur skjölum frá Bjarna Randveri, annars vegar „Yfirlit yfir samskipti Siðanefndar HÍ og stjórnenda HÍ við Vantrú“ og hins vegar „Samantekt yfir stóryrði sem notuð eru um Bjarna Randver“. Samkvæmt fundargerð níunda fundar taldi siðanefnd vafa leika á því hvort heimild væri að leggja fram gögn af innri vef Vantrúar og tók nefndin því ekki afstöðu til þeirra á þeim fundi. Í fundargerð kemur einnig fram að ákveðið hafi verið:

„að siðanefnd taki afstöðu til kröfu [lögmanns Bjarna Randvers] um að nefndin víki og að málsaðilar hvor um sig, Vantrúarmenn og Bjarni Randver, komi á fund nefndarinnar áður en lengra er haldið.“

Á tíunda fundi nefndarinnar þann 13. janúar 2011 ræddi nefndin drög að svari við kröfu Bjarna Randvers um að siðanefnd víki vegna vanhæfis. Á fundinn mættu, að eigin ósk, Reynir Harðarson og Matthías Ásgeirsson, fulltrúar Vantrúar og gerðu grein fyrir skriflegum svörum sínum við greinargerð lögmanns Bjarna Randvers frá 16. desember 2010. Í kjölfarið buðu þeir siðanefnd til sín að skoða gögn á innri vef Vantrúar.

Á ellefta fundi siðanefndar þann 20. janúar 2011 ákvað nefndin að senda ekki svar til lögmanns Bjarna Randvers við kröfu hans um að nefndin viki sæti vegna

vanhæfis fyrr en „kannað hefði verið hvort málsaðilar væru tilbúnir til viðræðna um sættir án atbeina siðanefndar.“ Í fundargerð fundarins kemur eftirfarandi fram:

„Möguleg sáttaleið á ekki að fela í sér neina viðurkenningu á því að Bjarni hafi gengið á hlut kæranda. Ákveðið yrði að hætta að deila um það sem liði er en horfa fremur til framtíðar. Bjarni sjálfur hafði í greinargerð sinni komið með ákveðnar tillögur um hvernig hægt væri að koma til móts við Vantrú þegar námskeiðið verður endurtekið. Hann mundi áfram byggja á sínum greiningum á félaginu en félagið fengi sjálft að kynna sína starfsemi frá sinni hlið (eins og önnur félög fengu að gera í námskeiðinu). Ef reynt yrði að koma til móts við sjónarmið Vantrúar (án þess að þeir fái að stýra kennslunni), ætti að vera hægt að finna niðurstöðu sem þeir geta sætt sig við og dregið kærana til baka. Af þessum sökum væri rétt að setjast einu sinni niður með þeim og ræða saman. Guðfræðideildin gæti komið að málinu með einhvers konar innlegg um hvernig hún hyggt styðja Bjarna næst þegar námskeiðið verður kennt.“

Ákveðið var að ef vilji reyndist til sátta, án atbeina siðanefndar, myndi Sólveig Anna Bóasdóttir forseti guðfræði- og trúarbragðafræðideildar kalla málsaðila saman og á fundinum yrði sáttasemjari sem báðir málsaðilar gætu samþykkt. Á meðan á þessu ferli stæði myndi siðanefnd ekkert aðhafast. Nefndin ákvað einnig að ef sáttatilaunum yrði hafnað myndi hún boða Bjarna Randver á fund til sín.

Í kjölfarið hófust óformlegar þreifingar við málsaðila og ræddi Ingibjörg Halldórsdóttir við formann Vantrúar og lögmann Bjarna Randvers um sáttagrundvöll í málinu. Á meðan á þessu stóð hélt siðanefndin sig til hlés. Þegar í ljós kom að sættir yrðu ekki í málinu sendi nefndin lögmanni Bjarna Randvers svar sitt við frávísunarkröfu hans. Í svarbréfinu, dags. 11. mars 2011, kemur meðal annars fram um hæfi nefndarinnar:

„Rangt er að á framangreindu tímabili sáttaviðræðna [mars og apríl 2010] hafi afstaða siðanefndar til málsins mótast. Siðanefnd hafði ekki aflað gagna í málinu og því voru engar forsendur til að taka afstöðu til kæruefnisins af hálfu nefndarinnar. Liður í sáttatillögu þeirri sem lögð var fram var að kærana til siðanefndarinnar yrði dregin til baka og þótti af þeim sökum eðlilegt að beðið

væri með efnislega meðferð málsins þar til niðurstaða sáttaviðræðna lægi fyrir. Í sáttatillögunni kemur ekki fram hvort Bjarni hafi brotið siðareglur háskólans, en það á samkvæmt starfsreglum nefndarinnar að koma fram í álit hennar ef til þess kemur. Siðanefnd áréttar að hugsanlegar ályktanir félagsmanna Vantrúar um stöðu sáttatillögunnar eða afstöðu siðanefndar til hennar hafa enga þýðingu í málinu.

Með vísan til framanritaðs er það álit siðanefndar að þau Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorsteinn Vilhjálmsson hafi ekki tekið afstöðu til kæru Vantrúar áður en Bjarna gafst kostur á að skýra sína hlið málsins. Sáttatillagan fól að engu leyti í sér álit siðanefndar eða einstakra siðanefndarmanna í málinu. ...

Hvað varðar hæfi annarra siðanefndarmanna, þ.e. þeirra Ingvars Sigurgeirssonar, Guðmundar H. Frímanssonar og Gerðar G. Óskarsdóttur, þá voru þau öll skipuð í siðanefnd eftir að fyrri formaður vék sæti í málinu. Títtnefndar sáttaviðræður áttu sér stað löngu áður en þau tóku sæti í nefndinni. Siðanefnd hefur lagt sig fram um að afla nauðsynlegra gagna í málinu og lagt á það mikla áherslu að heyra sjónarmið Bjarna. Hann hefur hins vegar hingað til hafnað að mæta til fundar við nefndina. Siðanefnd hafnar því alfarið að sú siðanefnd sem nú situr í málinu sé að einhverju leyti bundin við efni sáttatillögunnar frá 15. apríl 2010. Jafnframt er því hafnað að starfandi formaður siðanefndar hafi með einhverjum hætti „tekið við keflinu“ eða mótað sér afstöðu í málinu undir áhrifum fráfarandi formanns. [...] Álit siðanefndar var og er að sáttatillagan hafi enga þýðingu varðandi efnislega niðurstöðu málsins og af þeim sökum var ekki lögð á það áhersla af hálfu nýrra siðanefndarmanna að kynna sér efni hennar eða aðdraganda.

Starfandi siðanefnd hefur nú unnið að málinu í nokkra mánuði og m.a. kynnt sér ítarlega greinargerð Bjarna og önnur fyrirliggjandi gögn í málinu. Siðanefnd hafnar því að sitjandi formaður, Ingvar Sigurgeirsson, hafi í trúnaðarsamtali sínu við Pétur Pétursson lýst endanlegri afstöðu til málsins. Siðanefnd hafnar því að Ingvar sé vanhæfur til meðferðar málsins. jafnframt er því hafnað að Gerður G. Óskarsdóttir og Guðmundur H. Frímansson séu vanhæf í málinu.“

Þann 15. mars 2011 sendir siðanefnd lögmanni Bjarna Randveri bréf þar sem Bjarni Randver er boðaður til fundar við nefndina þann 21. mars 2011. Í bréfinu kemur meðal annars fram:

„Siðanefnd háskólans hefur ítrekað boðað skjólstæðing yðar til fundar, sbr. bréf dags. 7. september, 8. október og 17. nóvember 2010 og tölvupósta dags. 30. september, 1. október, 25. nóvember og 9. desember 2010 en hann hefur kosið að mæta ekki. Með bréfi þessu er honum nú gefið lokatækifæri til að mæta á fund nefndarinnar og skýra sín sjónarmið varðandi kæru Vantrúar og svara framangreindum spurningum [Hvernig var fjallað um efnið? Hvert var umfang þess? Hvernig tengist framsetning á glærum markmiðum námskeiðsins og fræðilegum áherslum? Til hvaða lesefnis var vísað?] Mæti hann ekki til fundarins þann 21. mars n.k. verður málið afgreitt af hálfu siðanefndar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.“

Tólfthi fundur nefndarinnar var haldinn 21. mars 2011 og síðan áframhaldið þann 23. mars 2011. Á fundinum var meðal annars rædd afgreiðsla greinargerðar siðanefndar til lögmanns Bjarna Randvers þar sem því var hafnað að siðanefnd viki sæti. Bjarni Randver mætti ekki á þennan fund siðanefndar en lögmaður hans kærði niðurstöðu siðanefndar um að vika ekki sæti til Háskólaráðs þann 17. mars 2011 og krafðist þess „...að úrskurður siðanefndarinnar verði endurskoðaður og breytt á þann veg að falist verði á kröfu umbj.m. um að siðanefndarmenn vísi sæti í málinu vegna vanhæfis.“ Að auki ræddi siðanefnd á fundi sínum bréf Péturs Péturssonar frá 21. mars 2011, sem jafnframt var sent rektori, háskólaráði, siðanefnd og lögfræðingi Háskólans. Bréfið er rætt nánar í kafla 5.3.4. um aðkomu yfirstjórnar og stjórnarsýslu Háskóla Íslands að málinu.

Þann 28. apríl 2011 dregur Vantrú kæru sína til baka og aðkomu siðanefndar lýkur í kjölfarið. Nánari umfjöllun er um þetta ferli í kafla 5.3.6.

Ályktun nefndarinnar:

Það er mat nefndarinnar að eftir skipun nýs formanns og tveggja nefndarmanna til viðbótar þeim sem fram til þessa höfðu setið í nefndinni, sbr. 2. gr. starfsreglna

siðanefndar, hafi hin formlega meðferð málsins hafist í samræmi við starfsreglur nefndarinnar og málsmeðferðareglur stjórnslurétta. Eftir að nefndin tók málið til meðferðar kom á hinn bóginn fljótlega í ljós að hinn kærði og aðilar sem tengdust honum, höfðu uppi fjölmargar athugasemdir við störf nefndarinnar sem lutu einkum að skipan hennar og hæfi til þess að fara með málið. Fram kom krafa um að nefndin viki og fyrirstaða var á að nefndin fengi aðgang að upplýsingum sem hún hafði óskað eftir. Auk þess vildi hinn kærði í upphafi að trúnaður ríkti um athugasemdir hans við kærú Vantrúar og í ljós kom að hann hafnaði því að mæta á fundi siðanefndar nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum og síðar alveg. Þrátt fyrir fyrirætlanir siðanefndar um að taka málið til efnismeðferðar tókst það ekki.

Að mati nefndarinnar gerði aðkoma tiltekinna starfsmanna Háskóla Íslands að meðferð málsins og að hinn kærði ákvað að fá lögmann til þess að gæta hagsmuna sinna við meðferð þess, það að verkum að á seinni tíma málsmeðferðarinnar hafi megin tími siðanefndar farið í að bregðast við athugasemdum við störf hennar, í stað þess að vinna að afgreiðslu málsins eins og hún hafði áformað samkvæmt starfsreglum sínum.

Hvernig sem á málið er litið er ljóst að mati nefndarinnar að ekki tókst að búa siðanefndinni þau skilyrði að hún gæti lokið umfjöllun sinni um málið. Sú niðurstaða hefur haft neikvæð áhrif á samskipti þeirra aðila sem komið hafa að meðferð málsins.

Að mati nefndarinnar getur það ekki talist ásættanleg niðurstaða að siðanefndinni gafst ekki tími og tækifæri til að sinna því hlutverki sína að taka erindi Vantrúar frá 4. febrúar 2010 til úrskurðar.

5.3.3. Aðkoma guðfræði- og trúarbragðafræðideildar að málinu

Í köflum 5.2. og 5.3.3. eru rakin svör guðfræði- og trúarbragðarfræðideildar við erindi Vantrúar frá 4. febrúar 2010, í tölvupósti Péturs Péturssonar starfandi deildarforseta guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, dags. 9. mars 2010

Í fundargerð deildarfundar í guðfræði- og trúarbragðafræðideild sem haldinn var 14. apríl 2010 kemur fram undir dagskrárliðnum „bókuð bréf og erindi“ að erindi Vantrúar og svar Péturs til þeirra hafi verið lagt fram og að deildarforseti hafi gert grein fyrir málinu. Fundarmönnum var boðið að ræða málið undir liðnum „önnur mál“ en ekkert var skráð í fundargerð um innihald þeirra. Í viðtali við Pétur kom fram að hann hafði ekki vitað að kæra frá Vantrú væri einnig til umfjöllunar hjá siðanefnd. Hann hafi haldið að með bréfi sínu til Reynis Harðarsonar dagsettu þann 9. mars 2010 hefði málinu verið lokið af hálfu deildarinnar.

Í viðtali við Hjalta Hugason prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild sagðist hann hafa verið forseti deildarinnar til áramóta 2009/2010 og farið þá í leyfi. Þórður Harðarson formaður siðanefndar hafi haft samband við hann í mars 2010 í þeirri trú að hann væri enn deildarforseti og óskað eftir að deildin tæki að sér að reyna að ná sáttum í málinu. Í kjölfarið hafði Hjalti samband við Pétur Pétursson, forseta deildarinnar í fjarveru hans og gerði honum grein fyrir málinu. Í viðtali við Pétur Pétursson kemur fram að hann hafi litið svo á að Hjalti Hugason og Þórður Harðarson hafi viljað að leitað yrði sátta svo að Bjarni Randver Sigurvinsson fengi ekki á sig áminningu frá siðanefnd. Þórður Harðarsonar gerði drög að sáttatillögu eftir að hafa rætt við Reyni Harðarson og Pétur Pétursson og lagði Pétur Péturson þau lítilla breytt fyrir kennarafund í guðfræði- og trúarbragðafræðideild þann 21. apríl 2010. Sáttatillagan hljóðaði svo:

„Haustið 2009 var námskeiðið Nýtrúarhreyfingar kennt í fyrsta sinn við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild sem valnámskeið í trúarbragðafræði. Bjarni Randver Sigurvinsson sem stundar doktorsnám í trúarbragðafræði undir handleiðslu undirritaðs var fenginn til að kenna námskeiðið. Með bréfi dagsettu 4. febrúar 2010 barst siðanefnd Háskóla Íslands erindi frá Reyni Harðarsyni sálfræðingi fyrir hönd félagsins Vantrúar, þar sem glærur sem varða Vantrú eru gagnrýndar með ýmsum hætti. Sama dag barst forseta guðfræði- og trúarbragðafræðideildar samskonar kæra sem hann svaraði með bréfi til Reynis 9. mars. Það ber að viðurkenna og harma að meðal þeirra mynda sem eru á þessum glærum svo og beinar tilvitnanir í Helga Hóseon bera ekki vott um hlutlæga og sanngjarna umfjöllun um félagið vantrú, málstað þess og einstaka félagsmenn. Athugasemdir Reynis Harðarsonar og samtaka hans verða teknar til jákvæðrar skoðunar, þegar og ef til þess kemur, að námskeiðið verði endurtekið.“

Samkvæmt tímatöflu Bjarna Randvers, sem hann afhenti nefndinni lýsti hann því yfir við Pétur Pétursson skömmu fyrir kennarafundinn að hann sætti sig ekki við drögin að sáttatillögu og liti á hana sem vantraust ef hún yrði samþykkt. Kennarafundurinn hafnaði sáttatillögunni og samkvæmt upplýsingum Bjarna létu kennarar í ljós stuðning við sig. Bjarni Randver hafði, fyrir fundinn, einnig sent föstum kennurum í guðfræði- og trúarbragðafræðideild bréf með tillögum um sættir við Vantrú en á kennarafundinum kom fram að þeir teldu tillögurnar ganga of langt.

Með tölvupósti sem Pétur Pétursson sendi Þórði Harðarsyni 27. apríl 2010 lýsir hann því yfir að „óraunhæft“ sé að gera ráð fyrir samtali á milli Bjarna Randvers og Reynis Harðarsonar sem leiði til sáttar. Því telji hann að málið að þessu leyti sé úr hans höndum. Formleg aðkoma guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var þá í raun lokið.

Tæpu ári seinna fóru aftur af stað óformlegar þreifingar um sættir og tók Hjalti Hugason prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild þátt í þeim með vitund Sólveigar Önnu Bóasdóttur, þá forseta deildarinnar. Þann 9. apríl 2011 má finna tölvupóstsamskipti á milli Hjalta Hugasonar og Bjarna Randvers um afskipti Hjalta af sáttumleitununum sem þá áttu sér stað. Þar lýsir Hjalti málavöxtum á eftirfarandi hátt:

„1. Ég verð þess áskynja að siðanefndarmálið virðist vera komið í læsta stöðu af ástæðum sem ég hef ekki skýrt yfirlit yfir.

2. Við vitum að þegar viðkvæm og flókin mál er að ræða er talið eftirsóknarvert að þau séu leyst sem næst vettvangi. Þetta mál á vettvangi deildarinnar.

3. Ég les aðstæður þannig að væntingar stæðu til þess að deildin reyndi að þoka málinu áfram.

4. Ég met aðstæður mínar þannig að ég geti hugsanlega komið á samræðu milli Vantrúar og deildarinnar (forseta og varaforseta) sem varð.

5. Upp úr þeim fundi myndast málefnastaða sem leiddi til þess að skjalið sem ég sendi þér varð til.

6. Á mótunartíma skjalsins var eðlilega haft samráð við þá aðila sem gert var ráð fyrir að kæmu að framkvæmd málsins ef af yrði, m.a. deildarforseta, sviðsforseta, og fulltrúa miðlægrar stjórnslu, þ.e. Þórð Kristinsson.

7. Þegar skjalið lá fyrir í þeirri gerð sem ég sendi þér tjáði ég Reyni Harðarsyni að væri það grundvöllur fyrir afturköllun á kærinni væri honum að tilkynna það Þórði Kristinssyni.

8. Um svipað leyti er kynning á vegum deildarinnar undirbúin og fer hún fram n.k. mánudagsmorgun.“

Í sáttatillögunni sem finna má í tölvupósti frá Hjalta Hugasyni til Bjarna Randvers og dagsettur er 8. apríl 2011 segir meðal annars:

„Guðfræði- og trúarbragafræðideild mun leitast við að taka tillit til athugasemda Vantrúarfélaga enda þurfa þær hreyfingar sem teknar eru til umfjöllunar að njóta sannmælis og sjálfsmynd þeirra að komast þar eins vel til skila og kostur er.

Þá er Guðfræði- og trúarbragafræðideild fús til að vinna að útgáfu á fræðilegu efni um trú- og guðleysi sem og samtök er tengjast slíkri afstöðu. Efnið verði unnt að nota í kennslu í deildinni. Efnið verði unnið í samvinnu við Vantrú á eftirfarandi grundvelli.“

Í gögnum sem Guðni Elísson dósent afhenti nefndinni á fundi með henni 5. júlí 2011 er meðal annars tölvupóstur, dags. 9. apríl 2011, frá Ástráði Eysteinssyni forseta Hugvísindasviðs til Hjalta Hugasonar sem segir:

„Varðandi hugmyndir um bókarútgáfu sem þátt í lausn kærumáls Vantrúar: Ég hef rætt við Sólveigu Önnu, deildarforseta, og tjáð henni að þar sem þessi lausn krefjist aðkomu Hugvísindasviðs, telji ég nauðsynlegt að taka málið fyrir á vettvangi sviðsins. Ég tel því að ekki séu að sinni forsendur til að ganga frá samkomulaginu um ritstjórn og útgáfu umrædds bókarverks. Ég mun hins vegar reyna að hraða þessari vinnu eins og kostur er.“

Í gögnum frá Bjarna Randveri Sigurvinsyni, þar sem hann heldur tímatöflu um framgang málsins segir hann að honum hafi:

„ekki [verið] tilkynnt um sáttatilboðið fyrr en eftir að það hefur verið sent á Vantrú. Hann mótmælir því strax og krefst þess að það verði þegar í stað dregið til baka.“

„Stjórn Hugvísindasviðs HÍ hafnar síðar í mánuðinum sáttatillögunni og tilkynna háskólayfirvöld Vantrú það strax.“

Ályktun nefndarinnar:

Að mati nefndarinnar var erindi Vantrúar til guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, dags. 4. febrúar 2010, svarað með tölvupósti deildarforseta deildarinnar 9. mars 2010. Aðkoma starfsmanna guðfræði- og trúarbragðafræðideildar síðar hafi fyrst og fremst verið einstaklingsbundin í tengslum við beiðnir frá því formanni síðanefndar deildarinnar. Verður ráðið að áform þeirra hafi verið að leita sátta í málinu í þeirri trú að þannig yrði gætt hagsmuna hins kærða .

Að mati nefndarinnar verður ekki annað ráðið af fyrirliggjandi upplýsingum en að þær óformlegu þreifingar, sem fram fóru á fyrri hluta árs 2011 um hugsanlegar sættir í málinu, hafi fyrst og fremst falið í sér möguleika á sáttum á milli Vantrúar og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og yfirstjórnar Háskóla Íslands án þess að séð verði að hinn kærði ætti þar aðkomu. Að mati nefndarinnar skipti í því sambandi ekki máli þó

svo hinn kærði hafi í „Svari við kæru Vantrúar“ (bls. 139-40) rakið hvernig mætti haga kennsluháttum með tilliti til athugasemda Vantrúar.

5.3.4. Aðkoma yfirstjórnar og stjórnslu Háskóla Íslands að málinu.

Í siðareglum Háskóla Íslands sem samþykktar voru á háskólafundi 7. nóvember 2003 og starfsreglum siðanefndar með síðari breytingum er m.a. fjallað um aðkomu yfirstjórnar og stjórnslu Háskólans að málefnum siðanefndar. Gert er ráð fyrir því að Siðanefnd starfi samkvæmt starfsreglum sem háskólaráð staðfestir. Tekið er fram að ef starfsmaður verði þess áskynja að siðareglur hafi verið brotnar gerir hann viðvart um það, með því að beina erindi til rektors eða siðanefndar Háskóla Íslands. Formaður siðanefndar er skipaður af háskólaráði samkvæmt tilnefningu rektors. Félag háskólakennara og Félag prófessora skipa hvort um sig einn nefndarmann. Í umboði háskólaráðs getur rektor skipað tvo menn í siðanefnd til viðbótar eftir eðli málsins að fengnum tillögum formanns siðanefndar. Rektor skipar nefndinni ritara úr hópi starfsmanna Háskólans. Ef niðurstaða bendir til þess að um sé að ræða brot í starfi í skilningi laga vísar nefndin málinu til rektors sem grípur til viðeigandi ráðstafana lögum samkvæmt.

Hér á undan er rakið erindi formanns Vantrúar til rektors Háskóla Íslands frá 4. febrúar 2010. Eru þar gerðar verulegar athugasemdir við umfjöllun Bjarna Randvers um trúlausafélagið Vantrú. Krafðist félagið þess að kennsluefnið, „... sem og hæfi Bjarna Randvers sem kennara, verði metin í ljósi þeirra athugasemda...“ sem fram komu í erindi félagsins og fylgigögnum þess. Þá óskaði félagið sérstakleg eftir fundi með rektor til að ræða efni erindisins og fá viðbrögð hans við því. Eins og áður er rakið var formanni Vantrúar tilkynnt með tölvupósti 22. febrúar 2010 að athugasemdir félagsins hefðu verið sendar siðanefnd, sem hefði erindi félagsins til meðferðar.

Þann 18. maí 2010 sendi formaður Vantrúar Reynir Harðarson tölvupóst til rektors Háskóla Íslands. Í bréfinu er rakinn framgangur málsins og viðbrögð guðfræði- og trúarbragðafræðideildar frá 9. mars 2010 við erindi félagsins til deildarinnar 4. febrúar 2010. Jafnframt er vísað til þeirrar ákvörðunar rektors að vísa erindi félagsins til siðanendar, sem hafi reynt sættir málinu. Í bréfinu lýsir félagið viðhorfum sínum til stöðu málsins og þeim vanda sem upp væri kominn eftir að þeirri leið hefði verið hafnað á kennarafundi í guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Síðan segir.

„Ég fæ ekki séð að siðanefnd hafi gert nokkuð í málinu sem réttlætir afsögn hennar eða upplausn.

Ljóst er að óskilgreindur þrýstihópur, sem er ekki einu sinni aðili að málinu, er með óafsakanlegum og ófyrirleitnum hætti að reyna að hafa áhrif á störf siðanefndar og afgreiðslu. ...

Verði það úr að ný nefnd verði skipuð og komist hún að því að engar siðareglur við HÍ hafi verið brotnar í umfjöllun Bjarna Randvers um Vantrú er hægt leikur að segja að það álit hafi verið sérpantað og tryggt með því að flæma réttskipaða siðanefnd frá störfum og skipa síðan aðra „réttisýnar“, í hennar stað. Þetta er auðvita fráleit staða.

[...]

Við höfum enga ástæðu til að efast um heilindi þeirra manna sem Háskóli Íslands hefur kosið að skipa núverandi siðanefnd. Við lýsum yfir fullu trausti á formanni nefndarinnar. Þeim eina sem við höfum haft afskipti af, og vörum eindregið að frekari hringlandahætti í þessu viðkvæma máli.

Sú staðreynd að frumhlaup og afskipti óviðkomandi aðila hefur þegar truflað störf siðanefndar og virðist valda hiki við yfirstjórn skólans er verulega ámælisvert og vekur upp óþægilegar spurningar um sjálfstæði nefndarinnar.

Við förum því fram á að við verðum upplýst um stöðu málsins og formlegan fund með þér svo að okkur gefist kostur á að tjá okkur um þau furðulegu atvik sem virðast eiga sér stað í þessari merku stofnun.“

Eins og áður er rakið sagði Þórður Harðarson sig frá starfi sínu í siðanefndarmáli 1/2010 með bréfi til rektors 9. júní 2010. Með bréfi dagsettu hinn 28. júní 2010 skipaði

háskólarektor Ingvar Sigurgeirsson prófessor formann siðanefndar Háskóla Íslands „ad hoc í kærumáli nr. 1/2010“. Tekið er fram að skipunin sé samkvæmt 3 gr. starfsreglna siðanefndar. Í 3. gr. starfsreglna siðanefndar segir að nefndarmaður megi ekki fjalla um kæru ef hann uppfyllir ekki hæfisskilyrði 3. gr. stjórnáslulaga en þar eru taldar þær ástæður, sem leitt geta til þess að starfsmaður eða nefndarmaður telst vanhæfur til meðferðar máls. Þegar svo ber undir „skipar rektor í umboði háskólaráðs þá annan nefndarmann í hans stað“. Það fellur utan umboðs nefndarinnar að taka afstöðu til réttmæti þess að ákveðið var að skipa annan formann á framangreindum grundvelli. Nefndin vil þó af þessu tilefni benda á að í stjórnáslurétti hefur ekki verið litið svo á að vanhæfi formanns stjórnáslunefndar leiði sjálfkrafa til þess að aðrir nefndarmenn verði vanhæfir (sbr. Páll Hreinsson, Hæfisreglur stjórnáslulag 2005, bls. 591). Það fellur jafnframt utan umboðs nefndarinnar að fjalla um það hvort einnig hafi átt að skipa aðra nefndarmenn á grundvelli 3. gr. starfsreglna siðanefndar, sbr. 3. gr. stjórnáslulaga, vegna mögulegra afskipta þeirra af meðferð málsins.

Á fundi siðanefndarinnar 9. júlí 2010 var samþykkt að nýskipaður formaður nefndarinnar leiti til rektors um að fá tvo sérfræðinga utan háskólans í nefndina og óski eftir formlegri skipun þeirra. Með bréfi háskólarektors, dags. 10. ágúst 2010 voru Gerður G. Óskarsdóttur og Guðmundur H. Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri, skipuð ad hoc í siðanefnd vegna máls 1/2010.

Þann 19. október 2010 ritaði Ragnar Aðalsteinsson hrl. rektor bréf, þar sem Bjarni Randver hafði falið honum að gæta hagsmuna sinna fyrir siðanefnd Háskóla Íslands vegna kæru Vantrúar á hendur honum. Í bréfi lögmannsins segir m.a.:

„Við undirbúning málsvarnar af hálfu Bjarna Randvers hef ég kynnt mér siðareglur HÍ frá 7. nóvember 2003 og starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands einnig frá 7. nóvember 2003 með breytingum frá 17. nóvember 2006.

Þessi athugun mín hefur leitt í ljós að málsmeðferðarreglurnar eru afar ófullkomnar og tryggja ekki rétt hins kærða til réttlátrar málsmeðferðar. Að því tilefni ritaði ég siðanefnd HÍ meðfylgjandi bréf dagsett hinn 15. október sl. vegna málsmeðferðarinnar.

[...]

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að þér beitið yður fyrir því að máli Vantrúar á hendur umbj.m. fyrir siðanefnd HÍ verði frestað þar til settar hafa verið viðeigandi málsmeðferðarreglur sem tryggja réttláta málsmeðferð, þ.á.m. rétt þess sem er borinn sökum til að halda uppi vörnum frá upphafi málsmeðferðarinnar. Háskóli Íslands ber að sjálfsögðu ábyrgð á málsmeðferðarreglunum og störfum siðanefndar HÍ.

Þess skal til upplýsingar getið að ég tel að nú þegar liggi fyrir upplýsingar sem gera siðanefndarmenn vanhæfa til áframhaldandi meðferðar málsins og ég mun því að líkindum ráðleggja umbj.m. að krefjast þess að málinu verði vísað frá siðanefndinni eins og hún er nú skipuð. Það verður síðan að ráðast hvort skipuð verður ný óhlutdræg siðanefnd til að fjalla um kæru Vantrúar á hendur umbj.m.“

Þann 26. nóvember 2010 ritaði lögmaður Bjarna Randvers á ný bréf til rektors Háskóla Íslands, en þar segir m.a.:

„Síðan ég ritaði það bréf [19 okt.2010] hefur borist krafa frá siðanefnd HÍ þess efnis að umbj.m. láti siðanefndinni í té afrit að prófúrlausnum nemenda á námskeiði um Nýtrúarhreyfingar sem umbj.m. kenndi haustið 2009. ...

Siðanefndin rökstyður beiðni sína með því að svör nemenda *kunni* að varpa ljósi á umfjöllun um það efni sem kært hefur verið (áhersla mín). ...

Það verður að viðurkennast að mér virðist að viðhorf siðanefndar HÍ sé það að umbj.m. skuli sýna fram á að hann sé saklaus að þeim ávirðingum sem talsmenn Vantrúar hafa borið á hann og lagt fyrir siðanefnd HÍ að taka afstöðu til. ...

Framanritað sýnir réttmæti þeirrar gagnrýnin sem ég setti fram á málsmeðferðarreglunum í bréfi mínu til yðar hinn 19. okt. 2010. Miðað við framkvæmd siðanefndar HÍ á málsmeðferðarreglunum er útilokað að umbj.m. geti notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir nefndinni að óbreyttum málsmeðferðarreglum.

...“

Með bréfi, dags 30. nóvember 2010 svaraði rektor Háskóla Íslands erindum lögmanns Bjarna Randvers frá 19. október og 26. nóvember 2010 um meðferð málsins og málsmeðferðarreglur siðanefndar Háskóla Íslands í tilefni af kæru Vantrúar. Í bréfi rektors kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Undirrituð þakkar þær ábendingar sem fram koma í bréfi yðar um æskilegar úrbætur á málsmeðferðarreglum siðanefndar. Eins og fram kemur í bréfi yðar eru þegar í gildi starfsreglur siðanefndar sem tryggja eiga vandaða málsmeðferð og óhlutdrægni í meðferð mála sem lögð eru fyrir nefndina. Reglurnar eru ekki hafnar yfir gagnrýni og kann að vera að eitthvað í þeim megi betur fara eða að um einhver atriði megi setja ítarlegri ákvæði. Er slíkt ávallt til skoðunar innan háskólans ef tilefni þykir til. Engar kvartanir hafa hins vegar borist frá siðanefnd í framangreindu máli um að óljóst sé hvernig nefndin skuli haga málsmeðferð sinni. Samkvæmt upplýsingum frá formanni siðanefndar hefur nefndin þegar svarað athugasemdum yðar varðandi meðferð málsins og þær reglur sem um hana gilda. Að mati undirritaðrar er málið í eðlilegum farvegi hjá siðanefnd og ekki tilefni til þess að undirrituð hafi afskipti af því eins og óskað er eftir í bréfum yðar.“

Lögmaður Bjarna Ranvers ritaði rektor á ný bréf, dags. 1. desember 2010 um skipan siðanefndar, en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Samkvæmt afriti af skipunarbréfi siðanefndarinnar þá voru Þórður Harðarson, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorsteinn Vilhjálmsson skipuð í nefndina frá og með 1 júlí 2007 að telja til þriggja ára. Samkvæmt því er umboð þeirra fallið niður frá og með 1 júlí 2010 að telja og ég leyfi mér að spyrjast fyrir um það hvort skipuð hafi verið ný siðanefnd til að taka við þeirri sem skipuð var með bréfi 13 ágúst 2007.

...

Ég fer þess vinsamlega á leit að þér upplýsið mig um það hvaða ástæður fyrri formaður tilgreindi við yður fyrir afsögn sinni. Umbj.m. hefur lögvenda hagsmuni af því að fá upplýsingar um þetta, enda telur hann sig búa yfir upplýsingum um athafnir fyrri formanns sem tvímælalaust hafa gert hann vanhæfan til meðferðar málsins. ...“

Í svarbréfi sviðstjóra kennslusviðs Háskóla Íslands, dags. 9 desember 2010, segir m.a.:

„Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um skipan siðanefndar. Umboð fyrri siðanefndar féll niður 30. júní 2010 en skipun Sigríðar Þorgeirsdóttur og Þorsteins Vilhjálmssonar var framlengd til að ljúka þessu máli sbr. meðfylgjandi tölvupóst dags 30. júní 2010. Aðrir siðanefndarmenn voru skipaðir ad hoc í þessu eina máli og fengu skipunarbréf þar að lútandi. Önnur siðanefndarmál eru í höndum siðanefndar sem skipuð var þann 1. júlí til þriggja ára. Í henni eiga sæti: Þórður Harðarson, formaður, Þorsteinn Vilhjálmsson og Salvör Nordal.

Í bréfi yðar er jafnframt óskað eftir upplýsingum um ástæður þess að Þórður Harðarson vék sæti í máli Bjarna. Þórður gerði grein fyrir ástæðum sínum munnlega á fundi 12. maí sl. auk þess að hann óskaði eftir að láta af störfum í málinu. Minnisblaðið var afhent í trúnaði en fylgir bréfi þessu með samþykki Þórðar. Skýrt kom fram í máli Þórðar að hann teldi sig hæfan samkvæmt stjórnsýslulögum til að fara áfram með málið og að gagnrýni kennara á Hugvísindasviði á störf siðanefndar og störf hans sem formanns væri óverðskulduð. Til að skapa sátt um störf og niðurstöðu siðanefndar taldi hann hins vegar rétt að segja sig frá málinu.“

Með bréfi lögmanns Bjarna Randvers, dags. 17. mars 2011, til háskólaráðs Háskóla Íslands var sú ákvörðun siðanefndar Háskóla Íslands að hafna kröfu hans um að siðanefnd viki sæti kærð til háskólaráðs Háskóla Íslands. Í bréfi lögmannsins segir m.a.:

„Með bréfi dagsettu 16. desember 2010 krafðist ég þess f.h. umbj.m. að allir siðanefndarmennirnir vikju sæti í málinu vegna vanhæfis. Gafst mér kostur á því að flytja málið munnlega fyrir nefndinni. Siðanefnd HÍ kvað upp úrskurð um þá kröfu hinn 11 mars 2011 og var niðurstaða úrskurðarins svohljóðandi:

„Með vísan til framanritaðs er kröfu lögmanns Bjarna Randvers Sigurvínssonar um að siðanefnd viki sæti í málinu, hafnað.“

[...]

Ég fer þess vinsamlegast á leit að þér staðfestið móttöku bréfs þessa og þér fallist á að ég skili greinargerð og gögnum innan þriggja vikna til háskólaráðs.“

Þann 21 mars 2011 ritar Pétur Pétursson prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands bréf til rektors HÍ, háskólaráðs, Siðanefndar H.Í. í kærumáli nr. 1/2010 og Ingibjargar Halldórsdóttur lögfræðings H.Í. en þar segir m.a.:

„Þetta bréf er skrifað í tilefni af bréfi Siðanefndar H.Í. um hæfi sitt í kærumáli Vantrúar og Reynis Harðarsonar formanns þess félags gegn Bjarna Randveri Sigurvinnssyni stundakennara, starfsmanni Trúarbragðafræðistofu Hugvísindasviðs H.Í. og doktorsnema við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild H.Í.

[...]

...Ég fór því strax á stúfana og hafði samband við Þórð með það fyrir augum að greina honum frá því hvernig ég hefði afgreitt kærana og á hvaða forsendum. Niðurstaða mín af fyrsta samtalinu við hann var sú sama og Hjalta. Þórður var viss í sinni sök um að Bjarni væri brotlegur og að hans biði áminning ef ekki tækist að ná sáttum við Vantrúarfélagi. Eftir samtöl mín við Þorstein Vilhjálmsson og Sigríði Þorgeirsdóttur siðanefndarfulltrúa undir lok mars taldi ég allt benda til að nefndin sem heild væri á þessari skoðun.

... Ég hafði afgreitt kærna Vantrúar á faglegum forsendum áður en í ljós kom að Bjarni hafði einnig verið kærður fyrir Siðanefnd H.Í. Ég benti formanninum á þetta og spurði hvort afgreiðsla mín væri ekki nægileg af hendi háskólans. ... Það er rangt sem kemur fram í fundargerð Siðanefndar H.Í. frá 15 apríl 2010 og málflytningi hennar í úrskurði Ingvars Sigurgeirssonar núverandi formanns að ég hafi komið fram fyrir hönd Bjarna sem einhvers konar fulltrúi hans í samskiptum mínum við Þórð Harðarson og aðra siðanefndarfulltrúa. Að ég væri fulltrúi Bjarna kom aldrei til tals enda vildi ég eingöngu koma sjónarmiðum mínum á framfæri og rökum fyrir afgreiðslu minni á málinu sem ég hafði lagt fyrir fund í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild H.Í. áður en Siðanefnd H.Í. tilkynnti um aðkomu sína.

... Þórður neitaði hins vegar að ræða við Bjarna og taka við gögnum frá honum en Bjarni náði engu að síður að segja honum að hann væri algjörlega mótfallinn hinni sakfelliandi sáttatillögu. ...“

Þann 23. mars 2011 rita 12 háskólakennarar háskólaráði Háskóla Íslands bréf út af meðferð á kærna Vantrúar til Siðanefndar Háskóla Íslands, en þar segir m.a.:

„Við undirritaðir kennarar við Háskóla Íslands lýsum þungum áhyggjum af því hvernig unnið hefur verið úr kærna Vantrúar til Siðanefndar Háskóla Íslands vegna umfjöllunar um félagið í kennslu Bjarna Randvers Sigurvinnssonar, stundakennara í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, ...

Skoðun þeirra sem undir þetta bréf rita er að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að Bjarni Randver Sigurvinsson hafi á nokkur hátt gerst brotlegur við siðareglur Háskóla Íslands. ...

Við skorum á Háskólaráð að skipa óháða rannsóknarnefnd um málið, aðdraganda þess og málsmeðferð alla, þar sem ekkert verði dregið undan. Fulltrúar þessarar nefndar eiga ekki að vera starfsmenn við Háskóla Íslands og án tengsla við alla málsaðila, svo að tryggja megi að fullu sjálfstæði hennar.“

Þann 28 apríl 2011 rita 40 akademískir starfsmenn bréf til Háskólaráðs um meðferð á kæru Vantrúar til Siðanefndar Háskóla Íslands, þar kemur fram m.a.

„Undirritaðir akademískir starfsmenn við íslenskar Háskóla- og rannsóknarstofnanir ítreka efnisatrið þau sem rakin voru í bréf 12 háskólakennara til háskólaráðs HÍ dags 23. mars 2011.

[...]

Við skorum á Háskólaráð að skipa óháða rannsóknarnefnd um málið ...

Ljóst er að þetta mál hefur vegna mistaka Siðanefndar HÍ farið í óæskilegan farveg sem ekki verðu hjá komist að háskólayfirvöld bregðist við. Ekki nægir að vísa málinu frá á tæknilegum forsendum úr því sem komið er. Þess vegna ítrekum við nauðsyn þess að skipuð verði óháð rannsóknarnefnd um meðferðina á kæru Vantrúar á hendur Bjarna Randveri Sigurvinssyni, en mikilvægt er að í henni sitji einstaklingar sem engin tengsl hafa við málið.“

Á dagskrá fundar Háskólaráðs 7. apríl 2011 var 11. dagskrármál „ Erindi til háskólaráðs vegna siðanefndar Háskóla Íslands í 1/2010“ frestað.

Fyrir liggur yfirlýsing dags. 3. maí 2011 frá Ingvari Sigurgeirssyni, fyrrverandi formanni siðanefndar Háskóla Íslands í kærumáli 1/2010, vegna erinda sem Háskólaráði hafa borist frá nokkurum starfsmönnum Háskólans, en þar kemur fram m.a. eftirfarandi:

„Í þessum erindum er réttu máli hallað. Þar eru m.a. beinar rangfærslur og órökstuddar fullyrðingar. Má nefna að nefndarmönnum er borið á brýn „að hafa gengið út frá því frá byrjun,, að Bjarni væri sekur um brot á siðareglum Háskólans. Afar sárt er að sitja undir áburði sem þessum.

Ég tók við formennsku í nefndinni eftir að formaður siðanefndar Háskóla Íslands sá sig knúinn til að láta af störfum í þessu máli af ástæðum sem hann gerir grein fyrir í bréfi til Ingibjargar Halldórsdóttur 27. desember 2010. Legg ég áherslu á að háskólaráðsmenn kynni sér vel efni þess bréfs. Rétt er að taka fram að ég hefði einnig sagt af mér formennsku ef Vantrú hefði ekki dregið kærú sína til baka á fundi með rektor Háskólans fimmtudaginn 28. apríl sl. Það hlýtur að vera umhugsunarefni að tveir formenn siðanefndar telji sig þurfa að segja af sér.

Mínar ástæður voru einkum þessar:

- Miklar líkur voru á að málið fengist ekki fullrannsakað af þessari nefnd svo ég yrði sáttur við. Bjarni Randver Sigurvinsson neitaði að koma fyrir nefndina og krafðist þess að hún viki.
- Mikill dráttur var orðinn á málinu, Háskólanum til mikils vansa. Sú tortryggni og að mínu mati ósanngjarna gagnrýni... Ég álit að þessi dráttur á niðurstöðu hafi skaðað Bjarna Randver.
- Bjarni Randver naut í málsvörn sinni stuðnings hóps starfsmanna, einkum kennara af Hugvísindasviði, sem beitti sér mjög eindregið fyrir hann og hans málstað og reyndi að hafa áhrif á málsmeðferð og niðurstöður. ...
- Varnaraðila höfnuðu því að ræða um sáttaleiðir, jafnvel leiðir sem fólu í sér niðurfellingu málsins, án sakfellingar

Ég lagði mig í framkróka við að stýra þessu máli í samræmi við starfsreglur siðanefndar og stjórnarsýslulög af virðingu við alla málsaðila. ...

[...]

Rík ástæða er til að læra af þessu máli og að styrkja starfsreglur siðanefndar svo hún fái nauðsynlegan starfsfrið í vandasömum málum. Brýnast er að í nefndinni sitji aðilar utan Háskólans, eða aðilar sem ekki gegna lengur störfum við hann. Það er óþolandi aðstaða að þurfa að fjalla um viðkvæm mál, sem snerta samstarfsmenn, við þær aðstæður sem hér hefur verið lýst.“

Á fundi háskólaráðs þann 5. maí 2011 voru tekin til umfjöllunar erindi er höfðu borist háskólaráði vegna máls nr. 1/2010 hjá siðanefnd Háskóla Íslands. Á fundinum var eftirfarandi bókað um dagskrárliðinn:

„Háskólaráð samþykkir að skipa nefnd óháðra aðila um mál siðanefndar Háskóla Íslands nr. 1/2010, aðdraganda þess og málsmeðferð. Nefndin fari yfir alla meðferð málsins innan háskólans frá því það hófst, meðferð siðanefndar Háskóla Íslands, vinnubrögð og samskipti við aðila máls og aðra innan háskólans og utan, sem og afskipti annarra af meðferð málsins. Hlutverk nefndarinnar er ekki ætlað að taka efnislega afstöðu til kæruefnisins. Nefndinni verði jafnframt falið að fara yfir starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands og eftir atvikum að gera tillögur til úrbóta.“

Ályktun nefndarinnar:

Nefndin gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu rektors á beiðni Vantrúar frá 4. febrúar 2010, um að taka ekki afstöðu til efnisatriða bréfsins, á meðan málið var ekki afgreitt hjá siðanefnd Háskóla Íslands.

Að mati nefndarinnar getur það ekki talist heppileg ráðstöfun að lögfræðingur Háskóla Íslands sé látinn starfa fyrir siðanefnd, samhliða því að vera lögfræðingur Háskólans. Með því er hætta á að sjálfstæði hinar miðstýrðu stjórnarsýslu Háskólans, í ásýnd og í reynd verði ekki tryggð í málum sem þessum.

Lög um opinbera háskóla gera ráð fyrir því að stjórn háskóla sé falin háskólaráði og rektori og að háskólaráð fari með almennt eftirlit með starfsemi háskólans og ber ábyrgð á því að skólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Að mati nefndarinnar hefði átt að koma til álita að upplýsa háskólaráð formlega um stöðu málsins þegar fyrri formaður siðanefndarinnar sagði sig frá málinu. Er þá, auk yfirstjórnar hlutverks ráðsins, einnig horft til þess að rektor skipaði nýjan formann siðanefndar í umboði háskólaráðs.

Að mati nefndarinnar hefur yfirstjórn Háskóla Íslands ekki svarað erindi Vantrúar formlega sem til hennar barst beint með bréfi félagsins, dags 4. febrúar 2010, en kom að ákvörðun Vantrúar að falla frá kærinni.

Starfsreglur siðanefndar gera ráð fyrir því að unnt sé að skipa nýjan nefndarmann í siðanefnd ef vanhæfisástæður 3. gr. stjórnsýslulaga eiga við. Það væri til skýringar að í starfsreglum siðanefndar væri kveðið á um heimildir til þess að skipa nýjan nefndarmann sem forfallast hefur af öðrum ástæðum

5.3.5. Afskipti annarra af meðferð málsins.

Samkvæmt tímatöflu Bjarna Randvers átti hann þann 24. apríl 2010 „langan“ fund með Guðna Elíssyni prófessor við Hugvísindasvið og Arnfríði Guðmundsdóttur prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild þar sem farið var yfir kærumálið og gögn tengd því. Segja má að afskipti annarra af meðferð málsins hefjist í kjölfar þessa fundar.

Þann 30. apríl 2010 halda kennarar og doktorsnemar við Hugvísindasvið fund þar sem fjallað er um kæru Vantrúar á hendur Bjarna Randveri Sigurvinnssyni. Eins og fram kemur í kafla 5.3.1. sendi fundurinn í kjölfarið frá sér bréf til siðanefndar. Þórður Harðarson þáverandi formaður siðanefndar svarar bréfinu með tölvupósti dagsettum 5. maí 2010 til Guðna Elíssonar. Í póstinum segir hann:

„Það er mesti misskilningur, að siðanefnd hafi lagt dóm á efnisatriði umrædds kærumáls. Drög siðanefndar að sáttatexta voru lögð fram eftir að Pétur Pétursson hafði símleiðis og með tölvupóstum látið í ljós, að hann harmaði sum af þeim kennslugögnum, sem lögð höfðu verið fram í umræddu námskeiði Bjarna Randvers. **Hann óskaði í tölvupósti til mín eftir sáttatexta.**

Í bréfi, sem siðanefnd barst frá Pétri Péturssyni er því lýst yfir að hann sé fulltrúi guðfræðideildar í málinu og var því ekki leitað til Bjarna Randvers að svo stöddu.“

Í svarpósti Guðna dagsettum 5. maí 2010 vísar hann til bréfs sem hann fékk frá Pétri Péturssyni þann 27. apríl 2010 þar sem Pétur taldi sig hafa verið þvingaðan af siðanefnd til að ganga eins langt og hann gerði. Pétur segir einnig í bréfi dagsettu 21. mars 2011 til rektors og fleiri að ástæðan fyrir því að hann:

„...reyndi að koma til móts við siðanefndina í ýmsum efnum og tók m.a. undir að eitthvað gæti verið athugavert við einstaka glærur var fyrst og fremst sú að Þórður Harðarson og aðrir siðanefndarmenn gerðu mér það alveg ljóst að ef ég og deildin kæmum ekki til móts við kærú Vantrúar þannig að Vantrú dragi kærúna til baka myndi Siðanefnd H.Í. taka mun harðar á honum. Mér var ekki gefinn kostur á neinu nema að sakfella Bjarna[...]“

Í bréfi sem Þórður Harðarson sendi siðanefnd þann 27. desember 2010 vísar hann á bug túlkunum Péturs um að hann hafi verið beittur þvingunum og segir að „formaður siðanefndar [hafi] ekki yfir neinum þvingunarmeðölum að ráða.“

Í bréfi Guðna Elíssonar frá 5. maí 2010 segir einnig:

„Fyrst má spyrja sig hvort Siðanefnd geti tekið mál til óformlegrar meðferðar. Ef við samsinnum því að slíkt sé mögulegt vaknar sú spurning hvort Siðanefnd geti gert slíkt án gagnasöfnunar og andmælaréttar.“

Þar endurtekur hann einnig texta úr bréfi fundarins frá 30. apríl 2010 og segir:

„Einnig ber að minna á að háskólakennarar hafa frelsi til þess að viðra eindregna afstöðu til allra þátta fræðanna og ræða þá afstöðu í kennslustundum svo fremi sem afstaðan er byggð á fræðilegum forsendum og þeir kúga ekki nemendur sína til að gangast undir hana.“

Guðni skrifar aftur í tölvupósti til Þórðar Harðarsonar og fleiri 6. maí:

„Það er mín skoðun og margra annarra kennara að þetta mál geti orðið prófsteinn á það hvernig Háskóli Íslands tekur á kærú frá þrýstihópum og í raun held ég

að ekki væri vitlaust að reyna að móta sér einhvers konar vinnureglur í þeim efnum.“

Þann 14. maí 2010 sendir Reynir Harðarson formaður Vantrúar bréf til siðanefndar og segir meðal annars:

„Við höfum heyrt af upphlaupi nokkurra kennarar í Hugvísindadeild, sem eru ekki aðilar að málinu. Okkur skilist að þeir hafi sent frá sér ályktun þar sem talað er um „úrskurð“ eða „niðurstöðu“ siðanefndar, þótt hún hafi engan úrskurð kveðið eða komist að niðurstöðu.

„Aðfinnslur og athugasemdir einhvers þrýstihóps innan háskólans eru í hæsta máta óeðlilegar á þessu stigi málsins og afar sérkennilegt ef reyna á með þessum hætti að hafa áhrif á niðurstöðu nefndarinnar, vægast sagt. Takist það er allt málið í uppnámi frá upphafi til enda. Á Vantrú að treysta niðurstöðu siðanefndar sem er sérskipuð með tilliti til kvörtunar manna sem telja sig málið varða innan Háskóla Íslands?“

Samkvæmt tímatöflu þeirri sem Bjarni Randver hélt um málið ræðir hann við ráðgjafa sína snemma í ágúst hvort ástæða sé til að hann ráði sér lögmann. Þar kemur einnig fram að 5. ágúst 2010 hafi Pétur Pétursson, prófessor metið að Háskóli Íslands eigi að útvega honum lögfræðing og segist ætla að beita sér í því. Aðrir mæla með því að þetta verði skoðað í september 2010. Samkvæmt tímatöflu Bjarna kemur einnig fram að 20. september 2010 hafi Guðni Elísson haft samband við Rangar Aðalsteinsson, hrl. og sett hann inn í málið. Í tímatöflu Bjarna segir enn fremur um þetta::

„Helsta ástæða þess að samband er haft við Ragnar er sú að Bjarna Randveri Sigurvinssyni og ráðgjöfum hans meðal háskólakennarar er ljóst að hann getur aldrei rekið mál sitt fyrir siðanefnd HÍ án aðstoðar lögfræðings.“

Í september og október 2010 rita ellefu einstaklingar greinargerðir til stuðnings Bjarna Randveri Sigurvinssyni, þar af eru átta kennarar við Hugvísindasvið HÍ, forseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst, rektor í Skálholti og einn nemenda Bjarna Randvers. Sumar þessara greinargerða eru sendar til siðanefndar í september og október en lögmaður Bjarna Randvers sendir þær síðan allar formlega til siðanefndar með

tölvupósti þann 7. desember 2010. Niðurstaða allra greinargerðanna að mati höfunda þeirra er að Bjarni Randver hafi ekki gerst brotlegur við siðareglur með kennslu sinni.

Þann 15. desember 2010 mótmæla 10 kennarar við Háskóla Íslands og Háskólann á Bifröst skriflega ósk siðanefndar um að fá að kynna sér prófúrlausnir úr námskeiði Bjarna Randvers „Nýtrúarhreyfingar“. Þau hvetja líka siðanefnd til að kalla eftir umsögnum nemenda úr námskeiðinu „telji hún nauðsynlegt að afla frekari gagna í málinu.“

Með bréfi, dags. 23. mars 2011 senda 12 akademískir starfsmenn yfirlýsingu til Háskólaráðs Háskóla Íslands og er titill hennar „Meðferð á kæru Vantrúar til Siðanefndar Háskóla Íslands“. Í kafla 5.3.4. er að finna nánari umfjöllun um bréf starfsmannanna. Það sama má segja um bréf sent til háskólaráðs Háskóla Íslands þann 28. apríl 2011 með sama titli og undirritað er af 40 akademískum starfsmönnum. Síðara bréfið var tekið fyrir á fundi Háskólaráðs 5. maí 2011.

Eins og rekið er í kafla 5.3.4 kemur Pétur Pétursson prófessor fyrst að málinu sem forseti guðfræði- og trúarbragðafræðideildar þegar bréf formanns Vantrúar berst deildinni 4. febrúar 2010. Í gögnum málsins og þeim sem Bjarni Randver hefur lagt fram má sjá að Pétur Pétursson prófessor er jafnframt einn ráðgjafa og stuðningsmanna hans í upphafi málsins. Pétur Pétursson kemur að málinu á mismunandi stigum þess ýmist sem deildarforseti, umsjónarmaður námskeiðsins „Nýtrúarhreyfingar“, vinur og ráðgjafi Bjarna Randvers, auk þess að vera leiðbeinandi hans í doktorsnámi. Slík ólík aðkoma að málinu getur augljóslega skarast og stuðlað að því að fullnægjandi árangri verði ekki náð. Á það ekki síst við þegar litið er til þeirra stjórnunarheimilda sem Pétur Pétursson fór með á umræddum tíma.

Ályktun nefndarinnar:

Að mati nefndarinnar getur það ekki talist ásættanleg niðurstaða fyrir afgreiðslu Háskóla Íslands á erindi Vantrúar að fyrri siðanefnd tókst ekki að halda þannig á málinu, að hinn kærði taldi nauðsynlegt að leita liðsinnis samstarfsmanna sinna svo að hann nyti réttlátrar málsmeðferðar að hans mati.

5.3.6. Ákvörðun Vantrúar um að falla frá kærinni.

Þann 5. apríl 2011 upplýsti Pétur Pétursson prófessor fyrir Bjarna Randveri að hann hefði setið fund með Hjalta Hugasyni, prófessor og Sólveigu Önnu Bóasdóttur deildarforseta, þar sem Hjalti hefði gert grein fyrir óformlegri tillögu Reynis Harðarsonar fyrir hönd Vantrúar um hvernig hægt væri að ljúka málinu. Ekki væri um formlegar sættir að ræða heldur aðeins heiðursmannasamkomulag sem grundvallað væri á þeirri yfirlýsingu Bjarna Randvers í lok greinargerðar hans til siðanefndar „Svar við kæru Vantrúar“ í maí 2010.

Með tölvuskeyti 8. apríl 2011 óskaði Bjarni Randver eftir því að Hjalti Hugason léti honum í té þá „sáttatillögu“, í kærumálinu á hendur honum, sem send hefði verið Vantrú og hann hefði ekki fengið aðgang að. Í svarskeyti Hjalta sama dag segir:

„Hér kemur skjalið í formi sem vonandi hentar betur.

Ég klippti hér inn texta lítið breyttan úr fyrri bréfi mínu og óska ég að þær skýringar fylgi skjalinu þegar það verður kynnt öðrum.

Forsenda þess að það samstarfsverkefni sem um er að ræða fari af stað er að stjórn Vantrúar dragi kæru sína til baka með formlegur hætti.

Reiknað er með að það gerist eigi síðar en n.k. föstudag.

Ég minni á að þú varst upplýstur um meginstefnu málsins um miðja vikuna.

Ástæða þess að þér var ekki boðin beinni aðkoma að málinu en þar kom fram er einkum sú að talið var að þannig gætu hendur þínar verið bundnar í öðrum málum sem af nefndri kæru kynnu að hafa spröttið.

Mér finnst skynsamlegt að halda gæsalöppunum í málsgreininni hér að neðan að mínum skilningi er ekki um sáttatillögu í eiginlegum skilningi að ræða.“

Í öðru tölvuskeyti Hjalta til Bjarna Randvers 9. apríl 2011 segir enn fremur:

„Í viðræðum mínum um þetta mál hef ég ekki starfað í umboði neins heldur aðeins leitast við nýta upp komnar aðstæður til að kanna hvort finna mætti farsæla lausn á málinu í þeirri lokuðuð stöðu sem það virtist komið í.

Í skjalinu kemur m.a. fram tillaga að því að ritstjórn verði skipuð af Hugvísindasviði og Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Af því má álykta að tillaga sé sett fram með samþykki sviðsforseta og deildarforseta. Fram kemur í skjalinu að ef af verður er HÍ fús til að leggja verkefninu sem um ræðir tiltekna fjárhæð. Af því má álykta að málið hafi verið rætt í miðlægri stjórnsýslu.

Mér er ekki kunnugt um aðkomu rektors að málinu og er ókunnugt um að hún hafi séð þetta skjal.“

Í tölvuskeyti Ástráðs Eysteinsonar forseta Hugvísindasviðs til Hjalta Hugasonar sama dag kemur fram:

„ Varðandi hugmyndir um bókaútgáfu sem þátt í lausn kærumáls Vantrúar: Ég hef rætt við Sólveig Önnu, deildarforseta, og tjáið henni að þar sem þessi lausn krefjist aðkoma Hugvísindasviðs, telji ég nauðsynlegt að taka málið fyrir á vettvangi sviðsins. Ég tel því að ekki séu að sinni forsendur til að ganga frá samkomulaginu um ritstjórn og útgáfu umrædds bókarverks. Ég mun hins vegar reyna að hraða þessari vinnu eins og kostur er.“

Þann 11. apríl 2011 sendir Reynir Harðarson formaður Vantrúar tölvuskeyti til Hjalta Hugasonar, þar sem hann þakkar fyrir veittar upplýsingar um stöðu málsins. Þar segir m.a.:

„Auðvitað er eðlilegt að hugvísindasvið fjalli um málið en ég get ekki ímyndað mér að menn þar setji upp á mótí spennandi verkefni sem þessu, hvað þá þegar því fylgir lausn á leiðindamáli. Ég vænti mikils af samstarfi við Hugvísindasvið og vil auðvitað að allir þar séu sáttir við málið.

Ég túlka bréf Ástráðs því bara sem einhvern frest á afgreiðslu málsins, a.m.k. þar til annað kemur í ljós.“

Á fundi Vantrúar með rektor Háskóla Íslands og nýjum formanni siðanefndar Háskóla Íslands 28. apríl 2011 dróg Vantrú athugasemdar sínar til baka. Í framhaldinu sama dag sendi félagið eftirfarandi bréfi til siðanefndar.

„Siðanefnd Háskóla Íslands.

Það er siðaðra manna háttur að geta talað saman og komist að niðurstöðu. Vantrúarmenn hafa alltaf verið tilbúnir til viðræðna, sáttu og lausna.

Í upphafi málsins vorum við tilbúin að fallast á sættir við Guðfræði- og trúarbragðfræðideild. Því var hafnað. Þrátt fyrir að Bjarni Randver og stuðningsmenn hans hafi bætt gráu ofan á svart við meðferð málsins vildum við reyna sættir með aðkomu utanaðkomandi sáttasemjara. Því var hafnað. Þá vildum við ná lausn málsins við Guðfræði- og trúarbragðfræðideild og yfirstjórn Háskólans. Sú lausn virtist í höfn en ákveðin öfl innan Háskólans komu í veg fyrir hana.

Við erum sannfærðir um velvilja og skilning yfirstjórnar Guðfræði- og trúarbragðfræðideildar og rektors Háskóla Íslands á málinu og treystum að framvegis verði fjallað um trúlausa og vantrú af sanngirni og virðingu í kennslu við skólann. Í ljósi þess og hvernig málum er nú komið teljum við happasælast fyrir alla aðila að drag upphaflegt erindi okkar til siðanefndar til baka.

Vantrú dregur hér með erindi sitt til siðanefndar nr. 1/2010 til baka.“

Sama dag sendir formaður siðanefndar Ingvar Sigurgeirssonar eftirfarandi bréf til lögmanns Bjarna Randvers:

„Hér með tilkynnist yður að Vantrú, hefur dregið til baka erindi sitt til siðanefndar Háskóla Íslands, dags. 4. febrúar 2010, sbr. meðfylgjandi bréf Reynis Harðarsonar formanns og Þórðar Ingvarssonar ritstjóra félagsins, dags 28 apríl 2011. Fyrir hönd siðanefndar er yður hér með tilkynnt að máli siðanefndar nr 1/2010 er lokið af hálfu nefndarinnar.“

Þann 17. maí 2011 ritar Ingvar Sigurgeirssonar prófessor bréf til rektors Háskóla Íslands en þar kemur fram m.a.:

„ ... Vantrú sendi Háskóla Íslands athugasemdir sínar 4. febrúar 2010 . Málinu varð aldrei lokið á vettvangi siðanefndar, en Vantrú dró athugasemdir sínar til baka á fundi með þér 28 apríl s.l. , þar sem ég var viðstaddur.

[...]

Ég leyfi mér að áréttu að ég lagði mig í framkróka við að stýra þessu máli í samræmi við starfsreglur siðanefndar og stjórnslulög og af virðingu við alla málsaðila. Áhersla var lögð á að rannsaka þetta mál til hlítar með því að ræða við alla málsaðila og skoða rækilega þau gögn sem varpað gætu ljósi á málið. Þetta reyndist ekki unnt, m.a. af ástæðum sem ég hef áður gert þér og háskólaráði grein fyrir. Málinu var spillt.

[...]

Ég hafði kosið að halda mér til hlés í þessu máli meðan það er til rannsóknar af nefnd þeirri sem skipuð hefur verið af háskólaráði til að fara yfir það, en neyðist nú til að halda uppi vörnum. Ég hlýt að mælst eindregið til þess að þú hlutist til um að nefndinni verði tryggður nauðsynlegur starfsfriður, um leið og ég átel og harma að starfsmenn Háskólans komi fram með þessum hætti á opinberum vettvangi.“

Ályktun nefndarinnar:

Nefndin telur það óviðunandi fyrir Háskóla Ísland og aðila málsins að ekki hafi tekist að ljúka því efnislega. Af gögnum málsins og framvindu þess hafi það mátt vera ljóst að grundvöllur til sátta hafi ekki verið til staðar allt frá aprílmánuði 2010 og að siðanefnd hafi borið í fyrsta lagi að taka afstöðu til þess hvort fullnægjandi málgrundvöllur væri til staðar, þ.e. hvort málið heyrði undir nefndina og ef svo bar undir að leggja fullnægjandi grundvöll, að því að úrskurða mætti um það hvort siðareglur Háskóla Íslands hefðu verið brotnar.

Fylgiskjöl

Fundargerðir nefndarinnar

(1) Fundgerð nefndar um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010,

Þriðjudaginn 24. maí 2011, kl. 13.15

Þriðjudaginn 24. maí 2011, kl 13:15 kom nefnd um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010 saman til fundar í fundarsal háskólaráðs Háskóla Íslands.

Mætt eru: Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs HÍ, Elín Díana Gunnarsdóttir, dósent við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, Sigurður Þórðarson fv. ríkisendurskoðandi og Þórhallur Vilhjálmsson, aðallögfræðingur Alþingis.

Þórður setti fundinn og greindi frá tildrögum þess að háskólaráð hefði ákveðið að skipa óháðanefnd um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010, aðdraganda þess og málsmeðferð, sbr. bréf háskólaráðs, dags. 6. maí sl. Afhenti að því búnu hverjum nefndarmanni (I)möppu með gögnum í siðanefndarmálinu, ásamt (II)hefti með svari BRS við kæru og (III) ljósrit bréfa til háskólaráðs vegna málsins. Rætt um starfskjör og starfsskilyrði nefndarinnar, fundaraðstöðu sem HÍ myndi útvega og að HÍ myndi tilkynna nefndinni um tengilið hennar við HÍ. Að því búnu vék Þórður af fundinum.

Amalía Skúladóttir, ritari siðanefndar og Ingibjörg Halldórsdóttir fv. lögfræðingur HÍ tóku sæti á fundinum. Gerðu þær stuttlega grein fyrir umfjöllun siðanefndar um málið og meðferð háskólans á því og svöruðu spurningum nefndarmanna um málið. Nefndin óskaði eftir því að Amalía og Ingibjörg yrðu til svars síðar þegar nefndin hefði kynnt sér nánar gögn málsins.

Verkefni nefndarinnar rætt og lögð drög að næsta fundi 6. eða 7. júní nk þar sem verkáætlun yrði lögð fram. Ákveðið að fundarmenn verði í tölvupóstsambandi á næstu dögum um nánari tímasetningu fundarins. Sp falið að stilla upp drögum að verkáætlun

(2) Fundgerð nefndar um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010,

fimmtudaginn 9. júní 2011, kl. 13.15.

Fimmtudaginn 9. júní 2011, kl. 13:15 kom nefnd um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010 saman til fundar í fundarsal háskólaráðs Háskóla Íslands.

Mætt eru: Elín Díana Gunnarsdóttir, Sigurður Þórðarson og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Nefndarmenn reifuðu málavexti samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fóru yfir helstu álitafni við meðferð Háskóla Íslands og siðanefndar háskólans á málinu. Í framhaldinu var rætt um fyrirkomulag á störfum nefndarinnar, mögulega tímaáætlun og næstu skref.

Ákveðið að þV taki saman yfirlit yfir helstu efnisþætti í umfjöllun nefndarinnar fyrir næsta fund. EDG dragi saman yfirlit yfir þá aðila sem nefndin vill ræða við og um helstu efnisatriði í því sambandi. Á grundvelli þessarar vinnu verði störf nefndarinnar mótuð nánar. Rætt um undirbúning og fyrirkomulag á viðtölum við viðmælendur nefndarinnar. Miðaðar nefndin við að viðtöl hefjist eftir 20. júní nk. og standi til 9. júlí. Stefnir nefndin að því að þá verði gagnaöflun að mestu lokið. Úrvinnsla upplýsinga og gagna, þ.m.t. yfirferð yfir siðareglur HÍ og starfshætti siðanefndar fari að mestu fram á tímanum 8. – 28. ágúst. Skýrslugerð og tillögur að mögulegum siðareglum HÍ fari fram á tímabilinu 29. ágúst til 14. september n.k.

Rætt um starfskjör nefndarinnar.

ÞV falið að afla gagna um erindi Vantrúar til guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og um meðferð þess og að nefndinni verði sendar afreiðslur siðanefndar í fyrri öðrum málum. ED falið að taka sama list yfir væntanlega viðmælendur.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:30.

(3) Fundgerð nefndar um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010,

föstudaginn 24. júní 2011, kl. 9.30

Föstudaginn 24. júní 2011, kl. 09.30 kom nefnd um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010 saman til fundar í fundarsal háskólaráðs Háskóla Íslands.

Mætt eru: Elín Díana Gunnarsdóttir, Sigurður Þórðarson og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Kl. 9.30 kom Þórður Harðarson, prófessor emeritus fv. formaður í siðanefndarmáli nr. 1/2010 á fund nefndarinnar. Fór hann yfir meðferð siðnefndarinnar á málinu, á meðan hann gegndi formennsku hennar, rakti atburðarrás og lýsti afskiptum sínum af því. Vísaði Þórður m.a. til bréfs Péturs Péturssonar, dags. 23. mars 2010, til hans sem formanns siðanefndar, um að guðfræði- og trúarbragðardeild hefði komið fram fyrir hönd Bjarna Randsvers í málinu. Fram kom einnig að siðanefnd hefði fengið nauðsynlegan frið til þess að fjalla efnislega um málið. Þórður vék af fundi kl 10.30.

Kl. 10.50 kom Ingvar Sigurgeirsson, prófessor, formaður í siðanefndarmáli nr. 1/2010, á fund nefndarinnar. Greindi hann frá aðkomu sinni að málinu. Enn fremur meðferð nefndarinnar á því og þeirri ákvörðun sinni að segja sig frá málinu. Fram kom að um tvær siðanefndar hefði verið að ræða, sem hefðu fjallað um málið með ólíkum hætti. Nefnd sú sem hann leiddi hefði hins vegar fengið lítið ráðrúm til þess að ljúka málinu. Þá lýsti Ingvar viðleitni aðila til þess að leita sátta í málinu og viðbrögðum forseta hugvísindaviðs í því sambandi, sem hafi bundið enda á þá leið. Ingvar vék af fundi kl. 11.50.

Kl. 12.05. kom á fund nefndarinnar Ingibjörg Halldórsdóttir, þ.v. lögfræðingur Háskóla Íslands sem var siðnefndum til aðstoðar. Lagði hún fram yfirlit yfir málavexti og rakti þá. Fram kom að erfitt hefði verið að halda uppi málshraða í nefndinni og að „þrýstingur“ hefði verið á nefndina úr ólíkum áttum sem hefði haft áhrif á störf hennar. Það væri slæm niðurstaða að ekki hefði tekist að ljúka málinu. Ingibjörg vék af fundi kl. 13.10

Fundi slitið kl. 13.30.

(4) Fundgerð nefndar um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010,

fimmtudaginn 30. júní 2011, kl. 9.30

Fimmtudaginn 30. júní 2011, kl. 09.30, kom nefnd um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010 saman til fundar í fundarsal háskólaráðs Háskóla Íslands.

Mætt eru: Elín Díana Gunnarsdóttir, Sigurður Þórðarson og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Kl. 9.30, kom Hjalti Hugason, prófessor á fund nefndarinnar. Hjalti var á þeim tíma sem kæran kom fram í leyfi frá embætti deildarforseta guðfræði og trúarbragðardeildar (2009-2010). Fram kom að ÞH. hefði haft samband við sig um erindi Vantrúar í mars/apríl. Vilji hefði verið til þess að leita sátta í málinu. Á þessum tíma hefðu afskipti hans af málinu verið takmörkuð. Í tíð IS, formanns siðanefndar, hefði hann haft aðkomu að mögulegum sáttum milli aðila, sem útlit var fyrir að hefði getað orðið. Forseti hugvísindasviðs hefði á endanum ekki geta fallist á þá leið. Hjalti lýsti þeirri skoðun sinni að farsælast hefði verið að leysa málið með sátt að undangengnum óformlegum samskiptum. Hjalti vék af fundi kl. 10.15.

Kl. 10.30, kom Pétur Pétursson, prófessor, á fund nefndarinnar. Pétur lýsti meðferð guðfræði- og trúarbragðadeildar á erindi Vantrúar frá 4. febrúar 2010 og afskiptum sínum af málinu. Eftir að hafa farið yfir málið með BRS hefði hann svarað erindi félagsins með tölvupósti, dags. 9. mars 2010. Þann 18. mars 2010 kveðst Pétur, eftir samtal við formann siðanefndar, fyrst hafa fengið vitneskju um kæru félagsins til siðanefndar háskólans. Í framhaldinu hefði hann látið Ástráð Eysteinnsson, forseta hugvísindasviðs, vita af málinu. Fram kom að hvorki hann né guðfræði- og trúarbragðadeild hefðu komið fram fyrir hönd BRS. Hann rakti síðan afskiptin sín af málinu og lýsti samskiptum sínum við ÞH, formann siðanefndar og Þorstein Vilhjálmsson nefndarmann í siðanefndinni. Bjarni vék af fundi kl. 11.30.

Kl. 11.45, kom Bjarni Randver Sigurvinsson, stundarkennari við HÍ á fund nefndarinnar. Bjarni lagði fram uppfærða tímatöflu og gögn á geisladiski ásamt útprentuðu yfirliti yfir þau. Bjarni rakti samskipti sín við PP og HH. Hann hefði einu sinni átt samtal við ÞH. Hann hafi aldrei litið svo á að PP eða guðfræði- og trúarbragðadeild hefðu verið í fyrirsvari fyrir hann. Bjarni tók fram að það hefði fyrst verið 10. maí 2010 sem hann hefði fengið kæru Vantrúar til athugasemda. Mál hefðu síðan þróast þannig að eftir samskipti við Guðna Elísson, prófessor, og fleiri kennara hefði afstaða hans mótast í þá veru að siðanefnd undir formennsku IS væri vanhæf til þess að fjalla um málið vegna fyrri afskipta ÞH og annarra nefndarmanna í siðnefndinni af málinu. Skipti ekki máli þó svo að nýr formaður hefði verið skipaður og tveir utanaðkomandi nefndarmenn hefðu tekið sæti. Taldi Bjarni að ef skipuð hefði verið ný nefnd með nýjum nefndarmönnum hefði að hans mati verið hægt að fjalla efnislega um málið. Hann hefði ekki viljað mæta fyrir nefndina sem að álitu lögmanns hans hefði verið vanhæf til þess að fjalla um málið. Bjarni vék af fundi kl 13.30

Fundi slitið kl 13.45.

(5) Fundgerð nefndar um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010,

Þriðjudaginn 5. júlí 2011, kl. 9.30

Þriðjudaginn 5. júlí, kl. 09.30, kom nefnd um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010 saman til fundar í fundarsal háskólaráðs Háskóla Íslands.

Mætt eru: Elín Díana Gunnarsdóttir, Sigurður Þórðarson og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Kl. 9.30, kom Ástráður Eysteinnsson, forseti hugvísindasviðs á fund nefndarinnar. Ástráður fór yfir afskipti sín af málinu, sem hefðu verið takmörkuð í upphafi. Ljóst væri að störf siðanefndar gætu reynst flókin og að mikilvægt væri fyrir stjórnslu háskólans að meðferð nefndarinnar á einstökum málum virkaði sem skyldi og að hún nyti trausts. Hann hefði komið að málinu í september á síðasta ári, eftir að fyrir lá tillaga að nýjum sáttagrundvelli. Þegar á reyndi hefði Bjarni Randver ekki verið hafður með í ráðum og því ekki tilbúinn að samþykkja hana. Þá hefðu borist gögn um samskipti af innra vef Vantrúar sem hefðu gert hann afhuga því að reyna sáttaleiðina frekar. Ástráður vék af fundi kl. 10.20.

Kl. 10.30, kom Guðni Elísson, dósent, á fund nefndarinnar. Guðni greindi frá því að Bjarni Randver hefði leitað til sín í apríl 2010. Þá lýsti hann afskiptum sínum af málinu og að komið hefði verið á fót sérstökum hópi ráðgjafa til stuðnings Bjarna Randveri. Fram kom að Bjarni Randver hefði ekki verið hafður með í ráðum við undirbúning og gerð sáttatillagna. ÞH hefði með afskiptum sínum af málinu gert sig vanhæfan til síðari meðferðar. Sú staðreynd hefði einnig leitt til vanhæfis annarra nefndarmanna. Ekki hefði verið hægt að taka efnislega á málinu fyrr en búið væri að taka afstöðu til formhliðarinnar, þ.e. vanhæfis nefndarinnar. Guðni lagði fram gögn: 1) Um tölvupóstsamskipti í tengslum við sáttatillögu í formi samstarfs- og útgáfusamnings í apríl 2011. 2) Tölvupóst Einars Sigurbjörnsson til Guðna Elíssonar, dags. 4. júlí 2011. 3) Fundargerð fundar kennara, dags. 30. apríl 2010. 4) Útprintun af vef Smugunnar, dags. 8. júní 2010 „Vantrú deildir við guðfræðiprófessor í HÍ“. Guðni vék af fundi kl. 11.25.

Kl. 11.30, Kom Reynir Harðarson, formaður Vantrúar á fund nefndarinnar. Reynir rakti meðferð siðanefndar, guðfræði- og trúarbragðadeildar og skrifstofu háskólarektors á málinu og lýsti viðhorfi sínu til hennar. Fram kom að tilgangurinn með því að senda þrjú erindi til háskólans hefði verið að tryggja að málið fengi afgreiðslu innan háskólans, en málið væri á ábyrgð skólans. Hann hefði haft vonir um að ljúka hefði mátt málinu með sátt. Reynir hafnaði þeim fullyrðingum BRS og stuðningsmanna hans að Vantrú hefði haldið uppi skipulögðu einelti gagnvart honum. Þá gerði Reynir athugasemdir við skipunarbréf nefndarinnar. Óskaði hann eftir því að nefndin tæki til sérstakrar umfjöllunar afskipti einstakra aðila innan háskólans af málinu.

Reynir vék af fundi kl. 12.50.

Næstu skref rædd Þórhalli falið að draga saman efnisyfirlit fyrir umfjöllun nefndarinnar og gera tillögu um verkaskiptingu nefndarmanna.

Fundi slitið kl 13.40.

(6) Fundgerð nefndar um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010,

fimmtudaginn 25. ágúst 2011, kl. 9.30

Fimmtudaginn 25. ágúst, kl. 09.30, kom nefnd um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010 saman til fundar í fundarsal Norrænahússins.

Mætt eru: Elín Díana Gunnarsdóttir, Sigurður Þórðarson og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Kl. 9.30, Lögð fram drög að skýrslu og hún yfirfarin og rædd. Ákveðið að nefndarmenn leggist frekar yfir skýrsluna og ályktanir nefndarinnar.

Kl. 10.30, kom Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs á fund nefndarinnar og kl. 11.00 tók rektor sæti á fundinum. Farið var yfir aðkomu yfirstjórnar Háskólans að málinu.

Fundi slitið kl. 13.00.

(7) Fundgerð nefndar um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010,

miðvikudaginn 7. september 2011, kl. 13.00

Miðvikudaginn 7. september 2011, kl.13.00, kom nefnd um mál siðanefndar HÍ nr. 1/2010 saman til fundar í fundarsal háskólaráðs.

Mætt eru: Elín Díana Gunnarsdóttir, Sigurður Þórðarson og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Yfirferð yfir drög að skýrslu yfirfarin og rædd.

Farið yfir skil á skýrslu nefndarinnar til Háskóla Íslands.

Fundi slitið kl. 15.30.